

ÍSTARF95

Íslensk starfaflokkun með skýringum og dæmum

2. útgáfa

Byggð á alþjóðlega staðlinum ISCO-88

Handbók



Hagstofa Íslands

ÍSTARF95
Íslensk starfaflokkun

Útgefandi

Hagstofa Íslands
Borgartúni 21a
150 Reykjavík

Sími: 528 1000
Bréfasími: 528 1098

Netfang: hagstofa@hagstofa.is
Veffang: www.hagstofa.is

Kápa og umbrot: Hagstofa Íslands
Prentun: Prentsmiðjan Oddi ehf.
Upplag: 600

ISBN 978-9979-770-39-8 (prentútgáfa)
ISBN 978-9979-770-40-4 (vefútgáfa)

Verð: kr. 2.950

© **Hagstofa Íslands 2009**

Um rit þetta gilda ákvæði höfundalaga. Vinsamlegast getið heimildar.

FORMÁLI 2. ÚTGÁFU

Haustið 1994 gaf Hagstofan út 1. útgáfu af *Íslenskri starfaflokkun – ÍSTARF 95*. Sú útgáfa hefur verið ófáanleg um árabíl og því gefur Hagstofan ritið út að nýju. Þegar ákveðið var að gefa ritið út á nýjan leik þótti rétt að lagfæra íslenska flokkunarkerfið með tilliti til breytinga á innihaldi og samsetningu starfa frá því að ritið kom fyrst út. Einnig hefur nýtt alþjóðlegt menntunarflokkunarkerfi, ISCED97, áhrif á kunnáttustig í íslensku starfaflokkuninni, þ.e. flokkun starfa eftir umfangi verkefna og því hversu vandasöm verkin eru. Helstu breytingar frá 1. útgáfu eru þær að starfslýsingum er gert hærra undir höfði og skyld störf eru tilgreind við hvern starfaflokk. Starfsheitum hefur verið fjölgað í tæp 3.300 og atriðisorðaskrá aukin og endurbætt. Flokkunarkerfið er ekki lykill fyrir öll hugsanleg starfsheiti, heldur felast í því leiðbeiningar um hvernig skyld störf flokkast saman. Markmiðið með þessari 2. útgáfu af *Íslenskri starfaflokkun* er að gera flokkunarkerfið aðgengilegra fyrir notendur þess og að auðvelda flokkun starfa.

Við þessa endurskoðun hefur Hagstofan m.a. stuðst við ábendingar frá notendum *ÍSTARF 95*. Verkið var unnið af Atvinnu- og félagsmáladeild Hagstofunnar í samvinnu við Launa- og kjaramáladeild. Herdís Óskarsdóttir hafði umsjón með verkinu lengst af en Sigurlaug Hauksdóttir hafði umsjón með frágangi og endanlegri útgáfu.

Hagstofa Íslands í janúar 2009
Ólafur Hjálmarsson

FORMÁLI 1. ÚTGÁFU

Undir lok níunda áratugarins hófst undirbúningur innan Hagstofu Íslands að bættri hagskýrslugerð um vinnumarkaðinn, m.a. með reglubundnum úrtaskönnunum um vinnumarkaðsþátttöku og fleira sem henni tengist. Liður í þeim undirbúningi var að endurbæta eldri flokkunarkerfi starfsgreina sem notuð höfðu verið innan Hagstofunnar fram að því. Nýja flokkunarkerfið birtist hér undir heitinu *Íslensk starfaflokkun, ÍSTARF 95*.

Til að vinna þetta verk setti Hagstofan nefnd á laggirnar síðla árs 1990 undir forystu Gunnars H. Hall, staðgengils hagstofustjóra. Auk Gunnars sátu í nefndinni Gylfi Arnbjörnsson og Geir Thorsteinsson af hálfu kjararannsóknarnefnda almenna vinnumarkaðarins og opinberra starfsmanna. Af starfsmönnum Hagstofunnar hefur Ómar S. Harðarson stjórnmálafræðingur aðallega starfað með nefndinni en Ívar H. Jónsson félagsfræðingur vann fyrir hana á árinu 1992. Við lokafrágang flokkunarkerfisins naut nefndin aðstoðar Jónínu M. Guðnadóttur skjalapýðanda.

Það er ætlan Hagstofunnar að nota flokkunarkerfi þetta til að merkja starfsgreinar í vinnumarkaðskönnunum, við gerð launaskýrslna, svo og við flokkun starfsgreina í annarri skráarvinnslu. Þá má ætla að flokkunarkerfið geti nýst öðrum aðilum sem fást við úrvinnslu gagna sem varða vinnumarkaðinn, svo sem við gerð tekjuskýrslna, meðferð atvinnuleyfa og við skráningu atvinnulausra og framboðs á störfum hjá vinnumiðlunum. Þá kemur kerfið rannsóknarstofnnum á sviði vinnumarkaðar að góðum notum vegna þeirrar samræmingar sem það hefur í för með sér.

Eitt meginmarkmiðið með samningu íslenskrar starfaflokkunar er að hér á landi verði unnt að beita flokkunarkerfi sem er samhæft því sem mest er notað á alþjóðavettvangi. Með því móti geta innlendar vinnumarkaðstölur, einkum um atvinnu og laun, orðið sambærilegar við tölur annarra þjóða. Íslenska flokkunin er byggð á alþjóðlegri starfaflokkun, *International Standard Classification of Occupations*, ISCO-88 sem gefin er út af Alþjóðavinnuumálastofnuninni, ILO. Þetta flokkunarkerfi var gefið út árið 1990 og að undanförmu hefur verið unnið að undirbúningi þess að taka það upp við skýrslugerð vesturlandaþjóða og fjölþjóðastofnana. Er m.a. að því stefnt að því verði beitt innan skamms við gerð og útgáfu vinnumarkaðsskýrslna innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Vegna þess hve krafist er mismunandi kunnáttu og sérhæfingar til starfa í aðildarríkum ILO er alþjóðastarfaflokkunin fyrst og fremst leiðbeinandi um hvernig draga skuli skyld störf saman í flokka. Þetta krefst þess einnig að þær þjóðir, sem ætla að beita flokkunarkerfinu, gefi út eigin flokkanir þar sem tekin er

afstaða til þess hvernig fella megi innlendar aðstæður að alþjóðaflokkuninni. Þetta hefur verið meginviðfangsefnið við samningu ÍSTARF 95. Á það skal lögð áhersla að í ÍSTARF 95 er störfum skipað saman í starfaflokka. Kerfið er ekki lykill fyrir öll hugsanleg starfsheiti, heldur felast í því leiðbeiningar um hvernig skyld störf flokkast saman. Í því skyni fylgir í viðauka skrá yfir flokkun nær 2.000 starfsheita.

ÍSTARF 95 kemur hér út í bráðabirgðaútgáfu. Á næstunni er ætlunin að kanna viðbrögð fyrirtækja og fá athugasemdir þeirra um það sem betur má fara í flokkunarkerfinu. Að því loknu og að fenginni nokkurri reynslu af notkun flokkunarinnar er ráðgert að gefa út endurskoðaða útgáfu af því.

Hagstofa Íslands í ágúst 1994

Hallgrímur Snorrason

EFNISYFIRLIT

Formáli 2. útgáfu	3
Formáli 1. útgáfu	3
Inngangur	7
Fyrri flokkanir og markmið 2. útgáfu	9
Notkun	9
Grundvöllur starfaflokkunarinnar	9
Mörk framhaldsskólamenntunar og háskólamenntunar	10
Uppbygging	10
Stöðutala	11
Kunnáttustig og bálkar	13
Skýringar við bálka	13
Athugasemdir um einstök atriði	14
Störf með viðtækt verksvið og skyldur	14
Tæknivæðing og kunnátta	15
Kyngreining starfsheita	15
Störf utan hefðbundins vinnumarkaðar	15
Fábreytni í hagkerfi og orðanotkun	16
Athugasemdir um einstakar starfsgreinar	16
Dæmi um hugsanlega samsetningu starfa í fyrirtækjum og stofnunum	17
A. Flokkun starfsheita í fiskvinnslu, matvöruverslun og útgerðarfyrirtæki	17
B. Flokkun starfsheita hjá sveitarfélagi	18
Íslensk starfaflokkun	21
1. Störf kjörinna fulltrúa, æðstu embættismanna og stjórnenda	23
2. Sérfræðistörf	37
3. Tæknar og sérmenntað starfsfólk	64
4. Skrifstofustörf	93
5. Þjónustu-, umönnunar- og sölustörf	103
6. Störf bænda og fiskimanna	115
7. Störf iðnaðarmanna og sérhæfðs iðnverkafólks	123
8. Störf véla- og vélgæslufólks	146
9. Ósérhæfð störf	167
0. Hermenn	176
Atriðisorðaskrá	177
Starfsheiti í númeraröð	179
Starfsheiti í stafrófsröð	203

INNGANGUR

INNGANGUR

Flokkunarkerfið, *Íslensk starfaflokkun, ÍSTARF95*, er að mestu sniðið eftir *Alþjóðlegu starfaflokkuninni, International Standard Classification of Occupations, ISCO-88*, sem Alþjóðavinnuástandstofnunin, ILO, í Genf gaf út 1990. Þessi handbók er skipt í þrjá meginkafla. Í inngangi er fjallað almennt um flokkunarkerfið, grundvallarhugtök þess og ýmis álitamál. Meginkaflinn er sjálfstætt flokkunarkerfið þar sem einstökum starfaflokkum er lýst og nefnd dæmi um starfsheiti. Í viðauka er skrá yfir tæplega 3.300 starfsheiti í stafrófsröð og eftir númeraröð.

Fyrri flokkanir og markmið 2. útgáfu

Á árinu 1989 ákvað Hagstofan að taka upp nýtt og endurskoðað flokkunarkerfi vegna vinnuþarfa- rannsóknna sinna og leggja til grundvallar nýja útgáfu af alþjóðlegu starfaflokkuninni, ISCO-88, sem þá var í undirbúningi. Á árinu 1994 gaf Hagstofa Íslands út starfaflokkunarkerfið ÍSTARF95 en ekki hafði áður verið gefið út slíkt kerfi hérlendis.

Tvenns konar markmið

Markmið starfaflokkunarinnar eru aðallega tvenns konar. Annars vegar gefst kostur á að samræma starfa- flokkanir margvíslegra aðila innanlands með því hagræði sem það hefur fyrir innlenda hagskýrslugerð, rannsóknir og ýmsa starfsemi á vinnuþarfaði. Hins vegar fylgir flokkunin ISCO-88 þannig að nú gefst í fyrsta sinn kostur á raunhæfum samanburði íslenskra og erlendra hagskýrslna um vinnuþarfaðinn.

Notkun

Önnur útgáfa af *ÍSTARF95* verður framvegis notuð við starfaflokkun á vegum Hagstofu Íslands. Hafa skal í huga að útgáfan er að meginstofni hvorki *atvinnugreinaflokkun* né flokkun á *félagslegri* og *efnahagslegri stöðu*. Nýlega kom út hjá Hagstofunni nýtt flokkunarkerfi fyrir starfsemi íslenskra fyrirtækja og stofnana undir heitinu *Íslensk atvinnugreinaflokkun, ÍSAT2008*. Það kerfi er byggt á sambærilegri flokkun Evrópusambandsins (NACE, 2. útgáfa) en jafnframt sniðið að íslenskum aðstæðum.

Ætla má að helstu notendur starfaflokkunarinnar verði rannsóknarstofnanir og fyrirtæki ásamt Hagstof- unni og öðrum ríkisstofnunum.

Grundvöllur starfaflokkunarinnar

Starf og kunnátta

Tvö meginhugtök, *starf* og *kunnátta*, liggja til grundvallar þessari starfaflokkun.

Starf er grunneiningin í flokkunarkerfi *ÍSTARF95*, þ.e. tiltekin verkefni og skyldur eins starfsmanns. Störf með mjög lík viðfangsefni og skyldur mynda *starfsgrein*. Starfsfólk er síðan flokkað eftir þeirri starfsgrein sem starf þess fellur undir.

Kunnátta, þ.e. færnin í að vinna þau verk og sinna þeim skyldum sem tiltekið starf krefst, er greind eftir tveimur meginþáttum í 2. útgáfu af *ÍSTARF95*:

- Kunnáttustigi*, sem ræðst af umfangi verkefna og skyldna og því hversu vandasöm verkin eru.
- Sérhæfingu*, sem ræðst af þekkingunni sem krafist er, verkfærum, vélum og tækjum sem notuð eru ásamt því hvaða efni er unnið með og hvers konar vara er framleidd eða þjónusta innt af hendi.

Með kunnáttuhugtakinu er unnt að afmarka einstaka starfaflokka og fella þá saman í yfirflokk.

Í *ÍSTARF95* eru aðeins skilgreind fjögur kunnáttustig. Stuðst er í meginatriðum við Alþjóðlegu menntunarflokkunina, ISCED97, sem gefin er út af Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna. ISCED97-flokkunin samsvarar hins vegar ekki fyllilega íslenska skólakerfinu eins og það er nú. Munurinn kemur einkum fram í því að framhaldsskólamenntun hérlendis lýkur að jafnaði síðar en erlendis. Sömuleiðis er barnaskólapróf aflagt fyrir löngu, en það skólastig er haft með í ISCED97. Kunnáttustigin í 2. útgáfu af *ÍSTARF95* eru í öllum aðalatriðum skilgreind á svipaðan hátt og í ISCO-88. Þó varð ekki komist hjá því að miða fyrsta kunnáttustig við lok skyldunáms fremur en við nám sem lýkur við 11–12 ára aldur eins og gert er í ISCO-88.

Kunnátta ekki aðeins áunnin með skólanámi

Þótt skólaganga sé notuð til að skilgreina kunnáttustigin þýðir það ekki að sú kunnátta sem þarf til þess að vinna tiltekin störf geti aðeins áunnist með formlegu skólanámi. Kunnátta má ekki síður afla með þjálfun og reynslu. Í starfaflokkuninni er fyrst og fremst miðað við næga kunnáttu til þess að leysa af hendi þau verkefni og sinna þeim skyldum sem tiltekið starf krefst en ekki hvort starfsmaður í ákveðnu starfi hefur til að bera meiri eða minni kunnáttu en annar starfsmaður í sömu starfsgrein.

Þegar nauðsynlegar kunnáttu er aflað með formlegri menntun eða starfsþjálfun eru kunnáttustig 2. útgáfu ÍSTARF95 skilgreind á eftirfarandi hátt:

- (a) *Fyrsta kunnáttustig* tekur mið af fyrsta og öðru menntunarstigi ISCED97-flokkunarinnar og miðast við lok skyldunáms.
- (b) *Annað kunnáttustig* miðast við þriðja og fjórða menntunarstig ISCED97, þ.e. að lokið sé allt að þriggja ára almennu framhaldsskólanámi eða starfsmenntunarnám að loknu skyldunámi. Um getur verið að ræða tveggja til þriggja ára námsbrautir í fjölbrautaskólum og iðnskólum, t.d. verslunarpróf eða sveinspróf, starfsmenntun á vinnustað eða námskeið sem veita starfsréttindi, svo sem meirapróf bilstjóra eða skipstjórnarpróf á bát allt að 30 brúttótonnum.
- (c) *Þriðja kunnáttustig* miðast við menntunarstig 5b í ISCED97 þ.e. að lokið sé starfsmiðuðu háskólanámi eða stuttu hagnýttu námi, sem er almennt hagnýtt, tæknilegt eða starfsmiðað. Námið veitir ekki beinan aðgang að doktorsstigi og er að lágmarki tvö ár.
- (d) *Fjórða kunnáttustig* tekur mið fimmta og sjötta menntunarstigi ISCED97, en það miðast við nám sem hefst að loknu framhaldsskólaprófi, þrjú eða fleiri ár og leiðir til háskólagráðu (B.A., B.S., B.Ed., meistaraþrófs, doktorsþrófs o.þ.h.) eða sambærilegrar gráðu.

Huglægt mat á kunnáttustigi

Ekki verður komist hjá því að nota að einhverju leyti huglægt mat á kunnáttustigi einstakra starfa eða starfsgreina við flokkun samkvæmt ÍSTARF95 2. útgáfu. Kröfur um skólagöngu eða prófgráðu eru þá aðeins eitt þeirra atriða sem þarf að huga að. Ef starfslýsing gerir t.d. ráð fyrir staðgóðri málakunnáttu starfsmanns er ljóst að þeirrar kunnáttu er hægt að afla með ýmsum hætti, til dæmis í almenna skólakerfinu með stúdentsprófi. Auk þess gætu umsækjendur um slíkt starf uppfyllt skilyrðin með sjálfsnámi, námskeiðum, búsetu erlendis eða á annan hátt.

Mörk framhaldsskólamenntunar og háskólamenntunar

Í ÍSTARF95 2. útgáfu er gert ráð fyrir að störf sem krefjast framhaldsmenntunar eða starfsmenntunar, sem er metin minni en sem nemur lægstu háskólagráðu en meiri en sem nemur t.d. iðnskólaprófi, skuli flokka í bálk 3 *Tæknar og sérmenntað starfsfólk*.

Þrenns konar skilyrði

Við íslenskar aðstæður verður að setja a.m.k. þrjú skilyrði til að hægt sé að flokka menntun í fimmta stig, þ.e. lægsta háskólastig; í fyrsta lagi að skilyrðislaust sé krafist stúdentsþrófs eða sambærilegrar menntunar áður en nám getur hafist; í öðru lagi að námið sé a.m.k. þriggja ára nám með töluverðri áherslu á fræðilegan þátt námsins; í þriðja lagi að námið sé almennt viðurkennt sem háskólanám og ljúki með gráðu sem jafngildir a.m.k. B.A.- eða B.S.-gráðu.

Dæmi um nám, sem krefst stúdentsþrófs eða sambærilegs þrófs, er nám í kerfisfræði við Háskólann í Reykjavík. Það er hins vegar aðeins tveggja ára nám sem lýkur ekki með jafngildi B.S. gráðu í kerfisfræði. Störf við tölvur, sem gera hæfniskröfur sem samsvara 2 ára námi í kerfisfræði, ætti því ekki að telja með klasanum 213 *Sérfræðingar á tölvusviði* heldur með klasanum 312 *Tæknar á tölvusviði*.

Helsta hlutlæga viðmiðunin sem hægt er að nota til að komast að raun um hvort nám er almennt viðurkennt sem jafngildi lægstu gráðu háskólamenntunar, til dæmis B.A., B.S. eða B.Ed., er hvort námið opnar þeim sem því hafa lokið fyrirstöðulitla leið til vísindanáms, þ.e. til menntunar sem flokkast undir sjötta flokk ISCED97 og lýkur venjulega með doktorsprófi.

Uppbygging

Bálkar, deildir, klasar og starfaflokkar

Alþjóðlega flokkunarkerfið, sem notað er í 2. útgáfu af ÍSTARF95, er þannig upp byggt að starfsgreinum er skipað saman eftir skyldleika þeirra í *bálka*. Þeir greinast síðan í *deildir, klasa* og loks í *starfaflokka* og er greiningin sýnd með fjögurra stafa tölu. Flokkunarkerfið er á þessa leið:

1. Fyrsta þrep flokkunarkerfisins er *báلكur*. Hann er merktur með einum tölustaf og eru báلكarnir alls tíu.
2. Annað þrep flokkunarkerfisins skiptir báلكum í *deildir* sem merktar eru með tveggja stafa tölu. Deildirnar eru 28.
3. Þriðja þrepið greinir deildir í *klasa* starfsgreina og eru þeir auðkenndir með þriggja stafa tölu. Alls eru 114 klasar í kerfinu.
4. Fjórdða þrep flokkunarkerfisins er *starfaflokkurinn* sem auðkenndur er með fjögurra stafa tölu og eru starfaflokkarnir 381. Þar sem flokkarnir eru ekki fleiri nær hver þeirra oftast yfir fjölmargar skyldar starfsgreinar. Í hverri starfsgrein getur síðan verið ótilgreindur fjöldi starfa.

Í íslensku útgáfunni af flokkunarkerfinu, í báلكum 1–9, hefur fimmta tölustafnum, *stöðutölu*, verið bætt við fjögurra tölustafa kerfið sem hér hefur verið lýst, og er hún notuð til að auðkenna mismunandi stöðu starfsmanna sem annars hafa með höndum skyld verkefni eins og nánar er útskýrt að neðan.

Eftirfarandi dæmi sýna hvernig störf flokkast í starfaflokka eftir 2. útgáfu ÍSTARF95:

Dæmi 1

Starf: Augnlæknir

2	Sérfræðistörf
22	Sérfræðistörf í náttúruvísindum, líffræði og heilbrigðisgreinum
222	Sérfræðistörf í heilbrigðisgreinum (nema hjúkrun)
2221	Sérfræðistörf við lækningar
2221.#	Augnlæknir

Dæmi 2

Starf: Prentari

7	Störf iðnaðarmanna og sérhæfðs iðnverkafólks
73	Störf fíntækjasmíða, handiðafólks og bókagerðarmanna
734	Störf bókagerðarmanna
7341	Störf prentsmíða og grafískra miðlara
7341.#	Prentari

Samkvæmt ofangreindum dæmum falla störf augnlækna í starfaflokkinn 2221 *Sérfræðistörf við lækningar* og störf prentara í starfaflokkinn 7341 *Störf prentsmíða og grafískra miðlara*.

Stöðutala

Hagstofan bætir fimmta tölustafnum við í fimmta þrepi

Í fyrstu fjórum þrepum flokkunarkerfisins eru störf flokkuð saman eftir verkefnum og skyldum. Er þá ekki tekið tillit til þess hvort starfsmaður er t.d. verkstjóri eða undirmaður, lærlingur eða sveinn, launþegi eða eigandi. Starfaflokkurinn endurspeglar þannig ekki *stöðu* starfsmanna, heldur einungis hvað þeir gera. Við athuganir á vinnumarkaðnum getur þó verið nauðsynlegt að greina á milli t.d. flokksstjóra og annarra starfsmanna, eða milli iðnlærðra starfsmanna og iðnnema, eigenda og launþega þótt störfin sem þeir gegna falli undir sama starfaflokk. Þetta á sérstaklega við um kjararannsóknir þar sem staða skiptir miklu máli varðandi launakjör. Til að koma til móts við þessar þarfir hefur Hagstofan því skilgreint fimmta þrepið í flokkunarkerfinu með því að bæta fimmta tölustafnum, *stöðutölu*, við tölu starfaflokksins.

Tafla 1 **Stöðutölur í ÍSTARF95, 2. útgáfu**

Staða	Tölur
Óskilgreind (almennt starfsfólk)	0
Flokksstjóri/verkstjóri	1
Iðnlærður	2
Iðnlærður flokksstjóri/verkstjóri	3
Einyrki	4
Eigandi með starfsmenn	5
Iðnlærður einyrki	6
Iðnlærður eigandi með starfsmenn	7
Iðnnemi	8

Stöðutalan sett saman úr þremur þáttum

Stöðutalan er sett saman úr þremur þáttum, verkstjórn, iðnmenntun og fyrirtækiseign, auk iðnnáms, en hver þáttur hefur sérstakt tölugildi. Tafla 1 sýnir hvernig verkstjórnarþátturinn, iðnmenntunarþátturinn og eignarþátturinn raðast saman. Á eftir fer nánari skilgreining á hverjum þætti fyrir sig.

Verkstjórnarstörf og störf flokksstjóra (tölugildið 1), sem eru aðallega fólgin í gæðamati og eftirliti með vinnu starfsfólks, eru flokkuð með þeim störfum sem litið er eftir. Í mörgum tilvikum er þó ástæða til að greina verkstjóra frá öðrum starfsmönnum, t.d. vegna launasamanburðar. Ef meginverkefni verkstjóra er hins vegar að skipuleggja og samræma framleiðslu eða þjónustu fremur en einvörðungu eftirlit með starfsmönnum, verður að líta á starf hans sem stjórnunarstarf og flokka það í viðeigandi starfaflokk, t.d. innan klasans *122 Yfirmenn framleiðslu- og rekstrardeilda*.

Iðnlærðir (tölugildið 2) eru þeir sem hafa sveinsréttindi eða sambærilega starfsmenntun.

Eigendur (tölugildið 5) í skilningi starfaflokkunarinnar eru eigendur fyrirtækja sem starfa fremur að verkefnum fyrirtækisins en stjórnun. Í þeim tilvikum eru eigendurnir flokkaðir í samræmi við starfið sem þeir gegna aðallega en ekki sem stjórnendur eða yfirmenn. Ef eigendur eru án starfsmanna teljast þeir einyrkjar.

Iðnnema (tölugildið 8) á jafnan að flokka eftir því starfi sem þeir gegna í reynd. Stöðutöluna má hins vegar nota til að greina starf þeirra frá öðrum störfum í sama starfaflokki.

Dæmi 3

Starf: Pípulagningarmaður; starfar einn sem verktaki

7	Störf iðnaðarmanna og sérhæfs iðnverkfólks
71	Störf náma- og byggingarmanna
713	Störf byggingarmanna við frágang
7136	Störf pípulagningarmanna
7136.6	Pípulagningarmeistari án starfsmanna

Kunnáttustig og bálkar

Tafla 2 Tengsl kunnáttustiga og bálka í ÍSTARF95, 2. útgáfu

Bálkur	Kunnáttustig
1 Kjörnir fulltrúar, æðstu embættismenn og stjórnendur	•
2 Sérfræðingar	4
3 Tæknar og sérmenntað starfsfólk	3
4 Skrifstofufólk	2
5 Þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólk	2
6 Bændur og fiskimenn	2
7 Iðnaðarmenn og sérhæft iðnverkfólk	2
8 Véla- og vélgæslufólk	2
9 Ósérhæft starfsfólk	1
0 Hermenn	•

Eins og fram kemur í töflu 2 er aðeins unnt að tengja átta bálka við kunnáttustigin fjögur. Kunnáttuhugtakið er óskilgreint í bálki 1 *Kjörnir fulltrúar, æðstu embættismenn og stjórnendur* og í bálki 0 *Hermenn*. Við nánari athugun hefur komið í ljós að nauðsynleg kunnátta til þess að leysa af hendi verkefni og sinna skyldum sem fylgja störfum sem falla undir þessa tvo bálka er of margbreytileg og óskilgreind til þess unnt sé að tengja þau einhverju einu kunnáttustigi. Loks má nefna að ekki er beinlínis hægt að halda því fram að 10. bekkur grunnskóla sé skilyrði fyrir ráðningu í ósérhæfð störf í bálki 9, heldur er þar um að ræða störf sem að jafnaði krefjast ekki meiri menntunar en sem nemur grunnskólanámi.

Að kunnáttustiginu frátöldu fer frekari sundurgreining starfaflokka í 2. útgáfu ÍSTARF95 eftir sérhæfingu starfsins.

Talnýklar fyrir öll fjögur flokkunarstig

Í starfaflokkinum 381, sem mynda neðsta þrep hinnar eiginlegu starfaflokkunar, eru í flestum tilvikum fleiri en ein starfsgrein, starf eða starfsheiti. Reynslan sýnir að því þróaðri sem hagkerfi og verkaskipting er því fleiri störf flokkast saman í starfaflokk. Í þessari handbók eru birtir talnýklar fyrir öll fjögur flokkunarstigun samt almennri lýsingu á eðli og innihaldi starfsgreina í fyrstu þremur flokkunarþrepunum. Í stað lýsingar á fjórða flokkunarþrepinu, starfaflokknum, eru birt dæmi um störf eða starfsheiti. Í viðauka er prentaður listi yfir tæplega þrjú þúsund og fimmhundrað starfsheiti með flokkunarnúmerum.

Skýringar við bálka

1 Störf kjörinna fulltrúa, æðstu embættismanna og stjórnendur

Hér flokkast störf þar sem viðfangsefnin felast í að ákveða og framkvæma stefnu hins opinbera, setja lög og semja reglugerðir, fylgjast með framkvæmd þeirra og koma fram fyrir hönd ríkis eða sveitarfélaga. Ennfremur flokkast hér störf sem fela í sér áætlanagerð, stjórnun og samhæfingu á stefnu og starfsemi einkafyrirtækja, samtaka eða stofnana. Ekkert eitt kunnáttustiganna tengist þessum bálki.

2 Störf sérfræðinga

Hér flokkast störf sem krefjast sérfræðilegrar þekkingar og reynslu á sviði raunvísinda og hugvísinda. Viðfangsefnin felast í því að auka þá þekkingu sem fyrir er, nota vísindaleg og listræn hugtök og kenningar til að leysa vandamál og annast kennslu á kerfisbundinn hátt. Flest störf í bálkinum krefjast kunnáttu samkvæmt fjórða kunnáttustigi ÍSTARF95, þ.e. að minnsta kosti B.A., B.S., B.Ed. eða sambærilegrar menntunar.

3 Tæknar og sérmenntað starfsfólk

Hér flokkast störf sem krefjast tæknilegrar þekkingar og reynslu á sviði raunvísinda og hugvísinda. Viðfangsefnin felast í tæknilegri vinnu við útfærslu hugtaka og aðferðum áður nefndra sviða, ennfremur kennslu á tilteknum menntastigum. Flest störf í bálkinum krefjast kunnáttu samkvæmt þriðja kunnáttustigi ÍSTARF95. Í mörgum tilvikum er farið fram á kunnáttu sem jafngildir fjögurra ára námi í framhaldsskóla, t.d. stúdentspróf eða sambærilega menntun eða réttindapróf úr ýmsum sérskólum.

4 Skrifstofustörf

Hér flokkast störf sem krefjast þeirrar þekkingar og reynslu sem þarf til að skipuleggja, halda til haga, reikna út og kalla fram upplýsingar. Viðfangsefnin felast í skylduverkum ritara, notkun ritvinnslutölva og annarra skrifstofutækja, skráningu og úrvinnslu talnaupplýsinga og margvíslegri þjónustu við viðskiptavinum, aðallega pósthjónustu, gjaldkerastörfum og móttöku. Flest störf í bálkinum krefjast kunnáttu samkvæmt öðru kunnáttustigi ÍSTARF95. Í mörgum tilvikum er farið fram á kunnáttu sem jafngildir stúdentsprófi.

5 Þjónustu-, sölu- og afgreiðslustörf

Hér flokkast störf sem krefjast þekkingar og reynslu til að veita persónulega þjónustu, sinna öryggisgæslu og selja vöru og þjónustu. Viðfangsefnin felast í þjónustu í tengslum við ferðalög, heimilishald, mat- og framreiðslu, öryggisgæslu, löggæslu eða afgreiðslu í verslunum. Flest störf í bálknum krefjast kunnáttu samkvæmt öðru kunnáttustigi ÍSTARF95. Í mörgum tilvikum eru gerðar kröfur til iðnmenntunar eða a.m.k. tveggja ára náms á verslunarbraut.

6 Störf bænda og fiskimanna

Hér flokkast störf sem krefjast þekkingar og reynslu í framleiðslu landbúnaðarvara, skógrækt og fiskveiðum. Viðfangsefnin felast einkum í garðyrkju og kornrækt, búfjárrækt, fiskveiðum, fiskeldi ásamt ræktun nytjaskóga. Ennfremur felst í þeim sala afurða til heildsala og flutningur á markað. Flest störf í bálknum krefjast kunnáttu samkvæmt öðru kunnáttustigi ÍSTARF95.

7 Störf iðnaðarmanna og sérhæfðs iðnverkafélks

Hér flokkast störf sem krefjast þekkingar og reynslu í iðngrein eða handíðum, m.a. skilnings á efnum og verkfærum sem notuð eru svo og á framleiðsluferlinu öllu, eiginleikum framleiðsluvörunnar/verksins og notagildi. Viðfangsefnin felast einkum í námavinnslu, smíði húsa og annarra mannvirkja og framleiðslu handunninna vara. Flest störf í bálknum krefjast kunnáttu samkvæmt öðru kunnáttustigi ÍSTARF95. Í flestum tilvikum eru gerðar kröfur um iðnmenntun eða töluverða starfsreynslu á tilteknu sviði iðnaðarframleiðslu.

8 Störf véla- og vélgæslufólks

Hér flokkast störf sem krefjast þekkingar og reynslu til að stjórna og hafa eftirlit með stórvirkum og oft sjálfvirkum vélum og tækjum. Viðfangsefnin felast í því að stjórna og gæta véla og tækja í námuvinnslu, stóriðjuverum og verksmiðjum svo og að stjórna bifreiðum og vinnuvélum. Undir þennan bálk fellur einnig samsetningarvinna á vöru úr tilbúnum einingum. Flest störf í bálknum krefjast kunnáttu samkvæmt öðru kunnáttustigi ÍSTARF95. Í mörgum tilvikum er gert ráð fyrir einhverri menntun umfram skyldunám eða töluverðri starfsreynslu.

9 Störf ósérhæfðs starfsfólks

Hér flokkast störf sem krefjast tiltölulega einfaldra og einhæfra vinnubragða sem unnin eru með handverkfærum. Oft fela störfin í sér töluvert líkamlegt erfiði. Viðfangsefnin felast í götusölu, dyravörslu, ræstingu og verkamannastörfum við námavinnslu, landbúnað, fiskveiðar, byggingarvinnu og iðnað. Flest störf í bálknum krefjast kunnáttu samkvæmt fyrsta kunnáttustigi ÍSTARF95. Ekki er gert ráð fyrir sérstakri starfsreynslu eða menntun umfram skyldunám.

0 Hermenn

Til hermanna teljast atvinnuhermenn og þeir sem sinna herskyldu. Hér flokkast ekki borgaralegir starfsmenn sem starfa við varnarmál, lögreglumenn, tollverðir eða starfsmenn landhelgisgæslu. Ekki er vísað til kunnáttustiga við skilgreiningu bálksins.

Athugasemdir um einstök atriði

Störf með víðtækt verksvið og skyldur

Venjur og kjarasamningar
hafa áhrif

Umfang verkefna og starfsskyldna sem falla undir sama starfið er að jafnaði í öfugu hlutfalli við stærð fyrirtækis eða stofnunar. Til dæmis fellur vélritun og skjalavarsla í litlu fyrirtæki venjulega undir sama starf og móttaka viðskiptavina en stærri fyrirtæki skipta slíkum verkefnum milli fleiri starfa. Þetta á ekki síst við á Íslandi þar sem saman fer smæð hagkerfisins og oft lítt þróuð verkaskipting. Venjur og kjarasamningar hafa einnig áhrif á hvernig verkefnum og skyldum er skipt milli starfa.

Í 2. útgáfu af ÍSTARF95 eru störf og starfsgreinar skilgreindar með vísan til algengustu samsetningar verkefna og skyldna. Því koma oft upp vandamál við flokkun starfa þegar verkefni og skyldur eru ekki í samræmi við flokkunarkerfið.

Í slíkum tilvikum skal styðjast við eftirfarandi vinnureglur:

- Ef verkefni og skyldur starfs gera mismiklar kröfur um þjálfun eða reynslu flokkast slík störf með tilliti til þeirra verkefna og skyldustarfa sem krefjast hæsta kunnáttustigsins. Til dæmis ætti starf sem felur í sér bókhald, vélritun, símaavörslu og kaffihitun ásamt skrifstofustörfum að flokkast í starfaflokkinn 3433 *Bókarar*.
- Ef verkefni og skyldur eru á mismunandi stigum vöruframleiðslu og dreifingar ættu verkefni, sem tengd eru framleiðslunni, að ráða flokkun fremur en verkefni sem snúa að sölu og markaðsfærslu vörunnar, flutningi hennar eða stjórnun framleiðslunnar nema eitt þessara atriða sé ráðandi. Til dæmis ætti bakari, sem bakar brauð og kökur og afgreiðir jafnframt í brauðbúðinni, ekki að flokkast sem afgreiðslumaður heldur sem bakari, þ.e. hann fellur undir 7412 *Störf bakara og sælgætisgerðarmanna* fremur en 5221 *Afgreiðslu- og sölustörf í dagvöruverslunum, bakaríum, bensínstöðvum, lagerum, sjoppum, myndbandaleigum og lík störf*.
- Ef starf felur í sér mörg verkefni en hvorki er hægt að greina mismunandi kunnáttustig né skilja á milli framleiðslu og þjónustu, gildir fyrirnefnd regla að flokka eftir aðalverkefni starfsmannsins.

Tæknivæðing og kunnátta

Ólíkar hæfniskröfur

Tilkoma sjálfvirkra véla í fjöldaframleiðslu hefur breytt þörf á sérhæfðri kunnáttu einstaklinga eftir því hvort varan er framleidd af handverksmanni eða framleidd með háþrúðum tækjabúnaði. Til dæmis eru hæfniskröfur til þeirra sem vinna við málmsmiðar eða útsaum aðrar en til þeirra sem stjórna eða gæta sjálfvirkra véla á vélaverkstæði eða starfa við fjöldaframleiðslu á fatnaði.

Í 2. útgáfu af ÍSTARF95 hefur störfum, þar sem ólíkar hæfniskröfur eru gerðar, verið skipað í bála 7 og 8. Í 7. bálk, *Störf iðnaðarmanna og sérhæfðs iðnverkafólks*, falla handverksstörf og sérhæfð störf í ýmsum iðngreinum sem krefjast iðnmenntunar eða sérhæfingar, svo sem störf málmsmiða, trésmiða, bakara, málara o.s.frv.. Í bálkinum 8 *Véla- og vélgæslufólk* flokkast hins vegar störf í stjórnun og gæslu véla og stórra tækja. Sem dæmi má taka að starf saumakonnu, sem starfar aðallega við handstýrðar saumavélar við saumaskap á t.d. gluggatjöldum, flokkast í 7436 *Sérhæfð störf við saumastörf og útsaum*, en starfsmaður við hálf sjálfvirkar saumavélar á saumastofu eða í fataverksmiðju fellur í flokkinn 8263 *Störf vélafólks við iðnaðarsaumavélar*.

Meginreglan er sú að iðnaðarmenn í framleiðslugreinum flokkast í bálk 7 *Störf iðnaðarmanna og sérhæfðs iðnverkafólks* en óiðnlært starfsfólk ýmist í bálk 8 *Störf véla- og vélgæslufólks* eða bálk 9 *Ósérhæfð störf*. Frá þessu eru nokkrar undantekningar, t.d. er gert ráð fyrir að ýmis sérhæfð störf við fiskvinnslu, önnur en vélastörf, séu flokkuð í 7419 *Sérhæfð störf við fiskiðnað*. Fiskvinnslustörf, sem ekki krefjast neinnar kunnáttu eða starfsreynslu eða sjálfstæðra vinnubragða og reyna oft á líkamann, svo sem burður, saltaustur o.þ.h., skal hins vegar setja í flokk 9322 *Störf verkafólks í fiskvinnslu*.

Kyngreining starfsheita

Reynt að nota hlutlaus orð

Kyngreining íslenskra starfsheita í ÍSTARF95 2. útgáfu er vandamál sem ekki er fyrir hendi í hinni ensku útgáfu ISCO-88. Í íslensku eru orð sem tengjast starfsheitum oftast í karlkyni þótt undantekningar séu á því, t.d. þegar síðasti liður þeirra er -kona. Þá hefur heitið „maður“ bæði almenna merkingu og kyngreinda, þ.e. nær ýmist til karla og kvenna eða yfir karlmenn eina. Í mörgum tilvikum má komast hjá þessu með því að nota hlutlaus orð, svo sem „tæknir“, „fræðingur“, „fulltrúi“ eða „liði“, eins og gert hefur verið í síðari tíma nýyrðasmíð starfsheita.

Í öðrum tilvikum verður þó ekki undan því vikist að grípa til endingarinnar „-maður“, svo sem í orðunum *starfsmaður* eða *hermaður* þar sem önnur samheiti hljóma hjárænulega. Þar sem við á eru notuð önnur hlutlausari samheiti, svo sem „fólk“, t.d. í heiti bálks 9 *Ósérhæft starfsfólk*.

Störf utan hefðbundins vinnumarkaðar

Við uppbyggingu á 2. útgáfu ÍSTARF95 var reynt að taka tillit til starfsgreina sem falla utan hefðbundins vinnumarkaðar. Þar er oft um að ræða ýmiss konar heimilisiðnað eða þjónustu sem ekki er rekin innan eiginlegra fyrirtækja eða háð opinberum leyfum. Eftirfarandi starfaflokkar geta nýst við flokkun slíkra

starfsgreina: 7331 Störf handiðafólks með tré og skyld efni; 7332 Störf handiðafólks með vefnað, leður og skyld efni; 9111 Störf götusala og 9120 Störf skóburstara og annarra við götuþjónustu.

Fábreytni í hagkerfi og orðanotkun

*Verksvið starfs
látið skera úr*

Skortur á viðurkenndum starfsheitum er ein afleiðing fábreytni og smæðar íslenskra fyrirtækja. Í ýmsum greinum atvinnulífsins er allnákvæm verkaskipting, t.d. í stórum byggingarfyrirtækjum, án þess að hún endurspeglar í notkun starfsheita. Ekki er óalgengt að launaskrið sé falið í breyttu starfsheiti viðkomandi starfsmanns án þess að um breytingu á starfi sé að ræða í reynd, svo sem þegar ritari er í einu veffangi orðinn fulltrúi.

Við þessar kringumstæður verður fyrst og fremst að líta á verksvið starfsins sem um ræðir en láta ekki glepjust af orðanotkun sem breiðir yfir raunverulegan verkefnumun.

Athugasemdir um einstakar starfsgreinar

Störf við gæðaeftirlit þar sem meginverkefnið er að tryggja samræmi við gæðastaðla og forskriftir framleiðanda eru flokkuð í 3152 Tækni- og rannsóknarstörf við öryggis-, hollustu- og gæðaeftirlit. Hins vegar eru eftirlitsstörf, sem aðallega felast í vélrænu eftirliti og einfaldri skoðun á framleiðsluvörum, flokkuð með sjálfum framleiðslustörfum. Dæmi um þau síðarnefndu eru störf á framleiðslulínunum í fiskvinnslu þar sem gæðaeftirlitsfólkið flokkast með starfsmönnum í snyrtingu og pökkun í 7419 Sérhæfð störf við fiskiðnað.

Tæknifræðingar og fleiri aðilar eru flokkaðir með verkfræðingum enda telst menntun þeirra jafngild B.S.-gráðu í verkfræði.

Þjálfunarstörf, sem felast aðallega í þjálfun starfsmanna á vinnustað, stöðugu eftirliti og leiðsögn, flokkast með þeim störfum sem verið er að leiðbeina um. Hér má nefna sem dæmi meistara í iðngrein og æfingakennara. Kennslustörf, sem felast aðallega í einkakennslu, flokkast með viðeigandi kennslustigi. Athygli er vakin á því að ökkukennsla, flugkennsla og sambærileg kennsla er flokkuð í 3340 Störf annarra leiðbeinenda og þjálfara.

Leiðbeinendur, þ.e. skólakennarar, sem ekki hafa kennsluréttindi en gegna eigi að síður sömu störfum og kennarar með full réttindi, flokkast samkvæmt starfinu sem þeir gegna en ekki menntun sinni.

Fiskvinnlustörf

Sérhæfð störf í fiskvinnslu, t.d. við framleiðslulínur, söltun, handflökun o.þ.h. skal flokka í 7419 Sérhæfð störf við fiskiðnað. Tækjafólk við frystitæki flökunarvélar, afhlausunarvélar o.þ.h. í frystihúsum skal flokka í 8279 Störf vélafólks við fiskiðnað. Fiskvinnlustörf sem ekki krefjast sérstakrar kunnáttu eða starfsreynslu eða sjálfstæðra vinnubragða og reyna oft á líkamann skal hins vegar telja í flokk 9322 Störf verkafólks í fiskiðnaði.

Störf við rannsóknir og þróun eru flokkuð með hliðsjón af viðkomandi sérgrein í bálk 2 Störf sérfræðinga. Frá þessu er þó sú undantekning að háskólakennarar eru flokkaðir sérstaklega jafnvel þótt meginhluti starfs þeirra kunni að felast í rannsóknarstarfi.

Iðnnemar og fólk í starfsþjálfun flokkast eftir þeim verkum sem það gegnir í reynd en ekki samkvæmt þeirri starfsgrein sem lært er til. Störf þeirra má auðkenna sérstaklega með stöðutölunni 8 sem fimmta tölustaf.

Hermenn

Íslenskir hermenn eru ekki starfandi á Íslandi. Hins vegar getur þurft að grípa til bálksins 0 Hermenn til að flokka t.d. störf maka íslenskra ríkisborgara.

Störf Verkefnastjóra eru flokkuð með hliðsjón af viðkomandi sérgrein í bálkinum 2 Störf sérfræðinga.

Dæmi um hugsanlega samsetningu starfa í fyrirtækjum og stofnunum

A. Flokkun starfsheita í fiskvinnslu, matvöruverslun og útgerðarfyrirtæki

Fiskvinnsla

Fyrirtæki með 10–99 starfsmenn

bókhaldari	3433.#
eftirlitsmaður ótilgreint	3152.#
fjármálastjóri (aðallega gjaldkeraswtörf)	3433.#
fjármálastjóri (aðallega stjórnun)	1231.#
flakari við handflökun	7419.#
flakari við vélflökun	8279.#
framkvæmdastjóri	1210.#
gæðaeftirlitsmaður við framleiðslulínu í frystihúsi	3152.#
gæðastjóri	3152.#
lyftarastjóri	8334.#
matsmaður við fiskmat	3152.#
ritari framkvæmdastjóra	3431.#
sendibílstjóri	8322.#
sérfræðingur við vöruþróun í iðntæknifræði	2149.#
skrifstofumaður í framleiðslustjórn	4132.#
skrifstofumaður í vöruflutningum	4133.#
skrifstofumaður við almenn skrifstofustörf	4115.#
skrifstofumaður við birgðavörslu	4131.#
skrifstofumaður við bókfærslu	4121.#
skrifstofumaður við gagnainnslátt	4113.#
skrifstofumaður við launaútreikning	4121.#
skrifstofumaður við síma vörslu	4223.#
skrifstofumaður við vélritun	4111.#
starfsmaður í handþökkun í frystihúsi	9322.#
starfsmaður í snyrtingu í frystihúsi	7419.#
starfsmaður í vélþökkun í frystihúsi	8279.#
starfsmaður við hráefnisinnkaup	3416.#
starfsmaður við vöruþróun	3119.#
sölumaður í fiskheildsölu	3415.#
tækjamaður við hraðfrystingu	8279.#
vélgæslumaður við hausunarvél	8279.#
vélstjóri í frystihúsi (almennur)	3115.#
verkstjóri í tækjasal (aðallega við eftirlit)	8279.#
verkstjóri í frystihúsi (aðallega stjórnun)	1222.#
vörubílstjóri	8324.#
yfirverkstjóri í frystihúsi (aðallega stjórnun)	1222.#

Matvöruverslun

Fyrirtæki með 10–99 starfsmenn

aðstoðarverslunarstjóri (aðallega við afgreiðslu)	5221.#
aðstoðarverslunarstjóri (aðallega stjórnun)	1224.#
afgreiðslumaður á kassa	5223.#
afgreiðslumaður í verslun	5221.#
afgreiðslumaður á lager	5221.#
deildarstjóri, kjötiðnaðarmaður í verslun (aðallega við kjötvinnslu)	7411.#
deildarstjóri, kjötiðnaðarmaður í verslun (aðallega við stjórnun)	1224.#
deildarstjóri söludeildar í verslun (aðallega við afgreiðslu)	5221.#
deildarstjóri söludeildar í verslun (aðallega við stjórnun)	1224.#
framkvæmdastjóri	1212.#
innkaupamaður	3416.#
kjötiðnaðarmaður	7411.#
lagermaður	9330.#
lagerstjóri (aðallega við stjórnun)	1235.#

sendibílstjóri	8322.#
starfsmaður við afgreiðslu	5221.#
starfsmaður í kjötvinnslu	7411.#
starfsmaður við röðun í hillur	5221.#
verslunarstjóri (aðallega við stjórnun)	1224.#

Útgerðarfyrirtæki

Fyrirtæki með 10–99 starfsmenn

1. vélstjóri	3141.#
2. vélstjóri	7233.#
bátsmaður á fiskiskipi stærra en 20 brúttótonn	6429.#
bátsmaður á frystitogara stærra en 20 brúttótonn	6429.#
bátsmaður á ísfisktogara stærra en 20 brúttótonn	6429.#
bókari	3433.#
framkvæmdastjóri	1210.#
háseti á fiskiskipi stærra en 20 brúttótonn	6429.#
háseti á frystitogara stærra en 20 brúttótonn	6429.#
háseti á ísfisktogara stærra en 20 brúttótonn	6429.#
matsveinn á skipi	5122.#
símavörður	4223.#
skipstjóri á fiskiskipi stærra en 20 brúttótonn	6421.#
skipstjóri á frystitogara stærra en 20 brúttótonn	6421.#
skipstjóri á ísfisktogara stærra en 20 brúttótonn	6421.#
skrifstofumaður við almenn skrifstofustörf	4115.#
skrifstofustjóri (aðallega stjórnun)	1231.#
stýrimaður á fiskiskipi stærra en 20 brúttótonn	6422.#
stýrimaður á ísfisktogara stærra en 20 brúttótonn	6422.#
stýrimaður frystitogara stærra en 20 brúttótonn	6422.#
útgerðarstjóri	1221.#
aðstoðarmaður vélstjóra	8162.#

B. Flokkun starfsheita hjá sveitarfélagi

Bæjarskrifstofa

aðalbókari (aðallega við bókhald)	3433.#
aðalbókari (aðallega stjórnun)	1231.#
afgreiðslugjaldkeri	4211.#
afgreiðsluritari	4222.#
bókari	3433.#
byggingarfulltrúi	2141.#
bæjargjaldkeri (aðallega við stjórnun)	1231.#
bæjarritari	1120.#
bæjarstjóri	1120.#
bæjartæknifræðingur	2142.#
bæjarverkfræðingur	2142.#
fjármálastjóri	1231.#
fulltrúi aðalbókara	3433.#
launafulltrúi	4121.#
ritari bæjarstjóra	3431.#
launaskrárritari	4121.#
skrifstofumaður við almenn skrifstofustörf	4115.#

Áhaldahús, mannvirki og framkvæmdir

birgðavörður	4131.#
bæjarverkstjóri	1239.#
flokksstjóri í bæjarvinnu á lager	4131.#
flokksstjóri í garðyrkju	9211.#
flokksstjóri í viðhaldi	9313.#
flokksstjóri við bæjarframkvæmdir	9312.#
flokksstjóri við lóða- og götuhreinsun	9162.#
flokksstjóri við sorphirðu	9161.#

forstöðumaður vinnuskóla	1239.#
garðyrkjustjóri	1221.#
pípulagningarmaður	7136.#
starfsmaður í bæjarvinnu við kranavinnu	8333.#
starfsmaður í bæjarvinnu við almenn verkamannsstörf	9312.#
starfsmaður í bæjarvinnu við birgðavörslu	4131.#
starfsmaður í bæjarvinnu við jarðvinnutæki	8332.#
starfsmaður í bæjarvinnu við lóða- og götuhreinsun	9162.#
starfsmaður í bæjarvinnu við sorphreinsun	9161.#
verkamaður gengur í störf húsasmiða	7123.#
verkamaður í bæjarvinnu á lager	4131.#
verkamaður í unglíngavinnu við garðyrkju	9211.#
verkamaður í unglíngavinnu við hreinsun	9162.#
verkamaður í unglíngavinnu við sorphreinsun	9161.#
verkamaður í viðhaldi	9313.#
verkamaður við byggingarvinnu	9313.#
verkamaður við bæjarframkvæmdir	9312.#
verkamaður við garðyrkju	9211.#
verkamaður við sorphreinsun	9161.#
verkstjóri áhaldahús (aðallega stjórnun)	1239.#
verkstjóri vélaverkstæði (aðallega stjórnun)	1239.#
yfirflokksstjóri í bæjarvinnu á lager	4131.#
yfirflokksstjóri í viðhaldi	9313.#
yfirflokksstjóri við bæjarframkvæmdir	9312.#
yfirflokksstjóri við garðyrkju	9211.#
yfirflokksstjóri við hreinsun	9162.#
yfirflokksstjóri við sorphreinsun	9161.#

Félags- og heilbrigðismál

aðstoðarfélagsmálafulltrúi	3460.#
augnþjálfari	3229.#
dagvistarfulltrúi	3439.#
deildarstjóri á leikskóla	2332.#
deildarþroskaþjálfari	2342.#
öldrunarfulltrúi	3460.#
félagsmálafulltrúi	3460.#
félagsmálalastjóri	1239.#
félagsráðgjafi	2446.#
ferðamálastjóri	1210.#
forstöðumaður dagvistar (aðallega umönnun)	2332.#
forstöðumaður dagvistar (aðallega stjórnun)	1239.#
forstöðumaður gæsluvallar	5131.#
fótsnyrtir	5141.#
starfsmaður við heimilishjálp	5133.#
leikskólakennari	2332.#
leikskólakennari (aðallega við stjórnun)	1239.#
nuddfræðingur	5141.#
sjúkranuddari	3226.#
starfsmaður á gæsluvelli	5131.#
starfsmaður hjá félags- og íþróttaráði	3460.#
starfsmaður í leikskóla	5131.#
starfsmaður við dagvistun	5131.#
starfsmaður við gæslu skólabarna	5131.#
þroskaþjálfari	2342.#

Íþrótt-, skóla- og æskulýðsmál

skólasafnvörður	3437.#
forstöðumaður íþróttahúss	5164.#
forstöðumaður æskulýðsmiðstöðvar	1239.#
fulltrúi skólaritari	3431.#
föndurkennari	3340.#

gangavörður	9152.#
íþróttþjálfari (íþróttanámskeið)	3340.#
íþróttþjálfari (þjálfun keppnisfólks)	3475.#
skólaliði við gæslu skólabarna	5131.#
skólaliði við gangavörslu	9152.#
skólaliði við ræstingu	9132.#
skólaritari	3431.#
leikskólastjóri	1229.#
skólastjóri framhaldsskóla (aðallega kennsla)	2320.#
skólastjóri grunnskóla (aðallega kennsla)	2330.#
skólastjóri innan skólakerfis (aðallega við stjórnun)	1229.#
skólastjóri lítils einkaskóla (aðallega við stjórnun)	1319.#
skólastjóri tónlistarskóla (aðallega við kennslu)	3340.#
skólastjóri tónlistarskóla (aðallega við stjórnun)	1319.#
skólastjóri utan skólakerfis (aðallega við kennslu)	3340.#
starfsmaður í íþróttahúsi	9152.#
starfsmaður við ræstingu í skóla	9132.#
tómstunda- og íþróttafulltrúi	3460.#
tónlistarkennari	3340.#
vaktstjóri í íþróttahúsi	9152.#

Höfnin

hafnarstjóri	1210.#
hafnsögumaður	3142.#
verkamaður við hafnarvinnu	9330.#
vigtarmaður	4131.#

Ótilgreint starfssvið

eftirlitsmaður í mengunareftirliti	3152.#
eftirlitsmaður í verðlagseftirliti	3449.#
eftirlitsmaður í öryggiseftirliti	3152.#
eftirlitsmaður með mál og vog	3449.#
eftirlitsmaður við byggingareftirlit	3151.#
eftirlitsmaður við eldvarnareftirlit	3151.#
heilbrigðiseftirlitsmaður	3222.#
hundaftirlitsmaður	3222.#
húsvörður	5164.#
leikari	2455.#
listdansari	2454.#
matráðskona	5122.#
myndlistarmaður	2452.#
rithöfundur	2451.#
ræstir	9132.#
sendibílstjóri	8322.#
skáld	2451.#
skólabílstjóri	8323.#
söguritari	2443.#
tónlistarmaður	2453.#
vörubílstjóri	8324.#

ÍSLENSK STARFAFLOKKUN

1

STÖRF KJÖRINNA FULLTRÚA, ÆÐSTU EMBÆTTISMANNA OG STJÓRNENDA

Kjörnir fulltrúar, æðstu embættismenn og stjórnendur, skipuleggja, stýra eða eru til ráðuneytis um stefnu stjórnvalda eða hagsmunasamtaka, setja lög, reglugerðir og opinberar samþykktir og reglur, koma fram fyrir hönd ríkisstjórna og starfa í þeirra nafni, hafa yfirumsjón með túlkun og framkvæmd stjórnarstefnu og löggjafar, eða annast stefnumörkun og starf fyrirtækja og stofnana eða sviða innan þeirra. Verkefni í þessum bálki felast venjulega í að: ákvarða, setja fram eða vera til ráðuneytis um stefnu ríkis, sveitarstjórna eða hreppsnefnda, setja lög, reglugerðir eða opinberar samþykktir, koma fram fyrir hönd ríkisstjórna og starfa í þeirra nafni, hafa yfirumsjón með túlkun og framkvæmd stjórnarstefnu og löggjafar, vinna svipuð verkefni fyrir hönd stjórnmalaflokka, stéttarfélaganna og annarra hagsmunasamtaka, skipuleggja, stýra og samhæfa stefnu og starf fyrirtækja og stofnana eða sviða innan þeirra. Ekki er vísað til kunnáttustiga við skilgreiningu þessa bálks.

Athugasemd

Í sumum tilvikum getur verið erfitt að greina hvort störf tilheyri þessum bálki eða öðrum, einkum þegar um er að ræða stjórnunarstörf þar sem krafist er sérfræðipekkingar, annarrar kunnáttu eða reynslu. Í þeim tilvikum er nauðsynlegt að fara fram á viðbótarupplýsingar um aðalviðfangsefni starfs. Ef aðalviðfangsefnið krefjast sérþekkingar eða tæknikunnáttu tilheyrir starfið ekki bálkinum. Ef sérþekkingin er hins vegar aðeins til hjálpar við löggjafar-, stjórnvalds- eða stjórnunarstarf þá heyrir starfið undir bálkinn. Ef starf felst til dæmis í því að greina og lækna sjúkdóma fellur það undir bálkinn *2 Sérfræðingar*. Felist það hins vegar í því að úthluta rannsóknar- og þróunarstyrkjum á grundvelli læknisfræðilegarar kunnáttu fellur það undir þennan bálk.

11

Störf kjörinna fulltrúa og æðstu embættismanna

Kjörnir fulltrúar og æðstu embættismenn, setja fram eða eru til ráðuneytis um stjórnarstefnu, setja, staðfesta, breyta og fella úr gildi lög, reglugerðir, opinberar samþykktir og reglur, koma fram fyrir hönd hins opinbera og starfa í þess nafni, hafa yfirumsjón með túlkun og framkvæmd stjórnarstefnu og löggjafar eða gegna svipuðum störfum fyrir hönd hagsmunasamtaka. Verkefni í þessari deild felst venjulega í að ákveða og setja fram eða vera til ráðuneytis um stefnu ríkis- og sveitarstjórna og hreppsnefnda, setja, staðfesta, breyta eða nema úr gildi lög, reglugerðir, opinberar samþykktir og reglur, koma fram fyrir hönd hins opinbera og starfa í þess nafni, hafa yfirumsjón með túlkun og framkvæmd stjórnarstefnu og löggjafar af hálfu ráðuneyta og stofnana, gegna svipuðu hlutverki fyrir stjórnarflokka, stéttarfélög og önnur hagsmunasamtök, þ.m.t. við samningagerð fyrir hönd slíkra samtaka, félaga og skjólstæðinga þeirra.

		111	1110	<p>Kjörnir fulltrúar</p> <p>Kjörnir fulltrúar</p> <p>Störf í þessum flokki felast m.a. í að stýra eða taka þátt í fundum löggjafarstofnana eða stjórnarstofnana ríkis, sveitarfélaga og hreppsnefnda, ákveða, setja fram og stýra framkvæmd stjórnarstefnu ríkis, sveitarstjórna eða hreppsnefnda, setja, staðfesta, breyta eða nema úr gildi lög, reglugerðir, opinberar samþykktir og reglur, sinna skyldum verkefnum. Verkstjórn annarra starfsmanna getur falist í starfssviðinu.</p> <p><i>Dæmi um starfsheiti:</i> alþingismaður, borgarráðsmaður, borgarstjórnarfulltrúi, bæjarráðsmaður, bæjarfulltrúi, forseti Alþingis, forseti borgarstjórnar, forseti bæjarráðs, forseti Íslands, héraðsnefndarmaður, hreppsnefndarmaður, oddviti, ráðherra, sveitarstjórnamaður</p> <p><i>Skyld störf sem flokkuð eru annars staðar:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • aðstoðarmaður ráðherra (1120) • borgarstjóri (1120) • ráðuneytisstjóri (1120) • sveitarstjóri (1120)
		112	1120	<p>Æðstu embættismenn</p> <p>Æðstu embættismenn ríkis og sveitarstjórna</p> <p>Störf í þessum flokki felast m.a. í að vera pólitískt kjörnum fulltrúum til ráðuneytis um stefnumörkun og bera ábyrgð gagnvart ráðherra fyrir hönd stofnunar, hafa yfirumsjón með túlkun og framkvæmd stjórnarstefnu og lagasetningu, koma fram fyrir hönd þjóðar erlendis, sinna skyldum verkefnum. Verkstjórn annarra starfsmanna getur falist í starfssviðinu.</p> <p><i>Dæmi um starfsheiti:</i> aðalræðismaður, aðstoðarlögreglustjóri (aðallega við stjórnun), aðstoðarmaður ráðherra, aðstoðarríkisskattstjóri, borgarstjóri, borgarritari, bæjarritari, bæjarstjóri, fastafulltrúi hjá alþjóðastofnun, forsetaritari, konsúll, lögreglustjóri, (aðallega við stjórnun), ráðuneytisstjóri, ríkisendurskoðandi, ríkislögreglustjóri, ríkissaksóknari, ríkissáttasemjari, ríkisskattstjóri, ræðismaður, sendifulltrúi í utanríkisþjónustu, sendiherra, skattrannsóknarstjóri, skattstjóri, skrifstofustjóri Alþingis, skrifstofustjóri í ráðuneyti, staðgengill ráðuneytisstjóra, sveitarstjóri, sýslumaður, tollstjóri, umboðsmaður Alþingis, umboðsmaður barna, varalögreglustjóri, vararíkisendurskoðandi, vararíkislögreglustjóri, vararíkissaksóknari</p> <p><i>Skyld störf sem flokkuð eru annars staðar:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • borgarlögmaður (2421) • forseti Hæstaréttar (2422) • forstjórar stofnana á vegum ríkisins (1210) • ríkislögmaður (2421) <p><i>Athugasemd</i> Æðstu stjórnendur fyrirtækja eða stofnana í eigu eða undir stjórn ríkisins eða sveitarfélaga sem gegna svipuðum störfum og eru flokkuð í klasa 122 <i>Yfirmenn framleiðslu- og rekstrardeilda</i> eða í klasa 123 <i>Yfirmenn annarra deilda</i> skulu flokkaðir í deild 12 <i>Forstjórar og stjórnendur stærri fyrirtækja og stofnana</i> eða í deild 13 <i>Framkvæmdastjórar og forstöðumenn lítilla fyrirtækja og stofnana</i> eftir því sem við á. Æðstu stjórnendur stjórnsýslustofnana skulu flokkaðir í flokk 1120 <i>Æðstu embættismenn ríkis, sveitarstjórna og hreppsnefnda</i> en æðstu stjórnendur þjónustustofnana eða fagráða á vegum ríkis eða sveitarstjórna skulu flokkaðir í deild 12 <i>Forstjórar og stjórnendur stærri fyrirtækja og stofnana</i> eða deild 13 <i>Framkvæmdastjórar og forstöðumenn lítilla fyrirtækja og stofnana</i> eftir því sem við á.</p>

114

Æðstu stjórnendur hagsmunasamtaka

Æðstu stjórnendur hagsmunasamtaka annast stefnumörkun hagsmunasamtaka s.s. stjórn-málasamtaka, verkalyðsfélaga, vinnuveitendafélaga, verslunar- og iðnaðarsamtaka, líknar-eða hjálparsamtaka, umhverfisverndarsamtaka eða íþróttafélaga og koma fram fyrir hönd slíkra samtaka og starfa í nafni þeirra. Verkstjórn annarra starfsmanna getur falist í starfs-sviðinu.

✎ Athugasemd

Embættismenn hagsmunasamtaka, sem stjórna fyrirtækjum í eigu hagsmunasamtaka eða gegna störfum sem eru svipuð störfum í klasa 122 *Yfirmenn framleiðslu- og rekstrar-deilda* eða klasa 123 *Yfirmenn annarra deilda* eru flokkaðir í deild 12 *Forstjórar og aðal-framkvæmdastjórar stærri fyrirtækja og stofnana* eða í deild 13 *Framkvæmdastjórar og for-stöðumenn lítilla fyrirtækja og stofnana*.

1141

Æðstu stjórnendur stjórnmalaflokka og flokkssamtaka

Störf í þessum flokki felast m.a. í að annast stefnumörkun stjórnmalaflokka, skipuleggja og hafa yfirumsjón með kosningabaráttu og öðrum kynningarherferðum stjórnmalaflokka, skipuleggja og sjá um fræðslu og endurmenntun fyrir félaga stjórnmalaflokka, sinna skyldum verkefnum.

Dæmi um starfsheiti:

formaður stjórnmalaflokks, framkvæmdastjóri stjórnmalaflokks, kosningastjóri stjórn-malaflokks, skrifstofustjóri stjórnmalaflokks

Skyld störf sem flokkuð eru annars staðar:

- alþingismaður (1110)
- sveitarstjórnarmaður (1110)

1142

Æðstu stjórnendur stéttafélaga og heildarsamtaka þeirra, samtaka vinnuveitenda og annarra samtaka atvinnulífs

			<p>3113</p>	<p>Tækni- og rannsóknarstörf í rafmagnsverkfræði, rafvirkjun o.p.h.</p> <p>Störf í þessum flokki felast m.a. í að sinna tækni- og rannsóknarstörfum á sviði rafmagnsfræði og störfum við fyrirkomulag, hönnun, framleiðslu, samsetningu, rekstur, viðgerðir og viðhald rafmagnstæknibúnaðar og dreifikerfa rafmagns, veita tæknilega aðstoð við rannsóknir og þróun rafmagnstæknibúnaðar eða hönnun, teikningu og prófanir á frumgerðum, tæknilegri yfirumsjón með framleiðslu, notkun, viðhaldi og viðgerðum á rafmagnstækjum, skipuleggja, stjórna og samhæfa vinnu við framleiðslu rafmagnstækja og rafmagnskerfa, koma að gerð kostnaðarútreikninga við framleiðslu og uppsetningu, nota tæknilega þekkingu til að skilgreina og leysa vandamál varðandi rafmagnstækni, sinna skyldum verkefnum.</p> <p><i>Dæmi um starfsheiti:</i> hönnuður rafkerfa, raffræðingur, rafmagnstæknir, raftæknir</p> <p><i>Skyld störf sem flokkuð eru annars staðar:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • rafeindatæknir (3114) • rafeindaverkfræðingur (2144) • rafmagnsverkfræðingur (2143) • rafveituvirki (7245) • rafvélavirki (7241) • rafvirki (7137)
			<p>3114</p>	<p>Tækni- og rannsóknarstörf í rafeinda- og fjarskiptatækni</p> <p>Störf í þessum flokki felast m.a. í að sinna tækni- og rannsóknarstörfum á sviði rafeinda- og fjarskiptatækni, auk þess störfum við hönnun, framleiðslu, samsetningu, rekstur, viðgerðir og viðhald rafeindabúnaðar og fjarskiptatækja, sjá um tæknilega aðstoð við rannsóknir og notkun rafeinda- og fjarskiptatækja eða hönnun, teikningu og prófanir á frumgerðum, annast tæknilega yfirumsjón með framleiðslu, notkun, viðhaldi og viðgerðum á rafeinda- og fjarskiptabúnaði, skipuleggja, stjórna og samhæfa vinnu við framleiðslu rafeinda- og fjarskiptabúnaðar, koma að gerð kostnaðarútreikninga við framleiðslu og uppsetningu, nota tæknilega þekkingu til að skilgreina og leysa vandamál varðandi rafeinda- og fjarskiptabúnað, sinna skyldum verkefnum.</p> <p><i>Dæmi um starfsheiti:</i> fjarskiptatæknir, rafeindatæknir, símtæknir</p> <p><i>Skyld störf sem flokkuð eru annars staðar:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • rafeindavirki (7242) • rafvélavirki (7241) • rafvirki (7137) • símsmiður (7245) • tölvutæknir (3120)

3115

Tækni- og rannsóknarstörf í véltækni

Störf í þessum flokki felast m.a. í að sinna tækni- og rannsóknarvinnu á sviði véltækni, auk þess störfum við hönnun, framleiðslu, samsetningu, rekstur, viðgerðir og viðhald ýmissa gerða véla og uppsetningu vélbúnaðar, s.s. hitakerfa, véla við dælingu og hreinsun vatns, hreinlætistækja, loftræstitækja og kælikerfa, sjá um tæknilega aðstoð við rannsóknir og notkun véla og uppsetningu vélbúnaðar eða prófanir á frumgerðum, hanna og sjá um uppsetningu vélbúnaðar, tæknilegri yfirumsjón með framleiðslu, notkun, viðhaldi og viðgerðum á vélum og vélbúnaði, skipuleggja, stjórna og samhæfa vinnu við framleiðslu véla og vélbúnaðar, koma að gerð kostnaðarútreikninga við framleiðslu og uppsetningu, nota tæknilega þekkingu til að skilgreina og leysa vandamál varðandi vélar og vélbúnað, þróa og innleiða öryggisstaðla og starfsreglur á sjó varðandi skip, tæki og farm um borð, samhæfa og hafa yfirumsjón með vinnu í slippstöðvum og viðhaldi um borð í skipum, sinna skyldum verkefnum.

Dæmi um starfsheiti:

ráðunautur um vélar og vélbúnað, vélfræðingur, vélfræðingur í iðnaði, vélstjóri í frystihúsi, vélstjóri í iðnaði, vélstjóri í orkuveri, vélstjóri við orkuvinnslu, véltæknir

Skyld störf sem flokkuð eru annars staðar:

- dagmaður í vél (8162)
- vélaverkfræðingur (2145)
- vélstjóri með 4. stigs vélstjórapróf (3141)
- vélstjóri með 1.-3. stigs vélstjórapróf (7233)
- vélvirki (7233)

3116

Tækni og rannsóknarstörf í efnaverkfræði

Störf í þessum flokki felast m.a. í að sinna tækni- og rannsóknarvinnu á sviði efnaverkfræði, auk þess störfum við hönnun, framleiðslu, samsetningu, rekstur, viðgerðir og viðhald í efnaverksmiðjum og við efnavinnslu, tæknilegri umsjón með framleiðsluferli í efnaverksmiðjum, hafa tæknilega yfirumsjón með framleiðslu, notkun, viðhaldi og viðgerðum í efnaverksmiðjum, skipuleggja, stjórna og samræma störf við framleiðslu efna og efnasambanda, koma að gerð kostnaðarútreikninga við framleiðslu og uppsetningu, nota tæknilega þekkingu til að skilgreina og leysa vandamál sem upp geta komið í á sviði efnaverkfræði, sinna skyldum verkefnum.

Dæmi um starfsheiti:

aðstoðarmaður efnaverkfræðings, efnaverktæknir, iðnfræðingur í efnaverksmiðju

Skyld störf sem flokkuð eru annars staðar:

- efnatæknir (3111)
- efnaverkfræðingur (2146)

			<p>3117</p>	<p>Tækni- og rannsóknarstörf við vinnslu hráefna úr jörðu</p> <p>Störf í þessum flokki felast m.a. í að sinna tækni- og rannsóknarvinnu við vinnslu jarðefna, s.s. olíu, gas, málm- og steinefni, skipuleggja, stjórna og samhæfa vinnu við jarðefnavinnslu, hafa tæknilega yfirumsjón með framleiðsluferli við vinnslu jarðefna, hafa umsjón með gæða- og framleiðslueftirliti og öðru er tengist vinnslu jarðefna, koma að gerð kostnaðarútreikninga við framleiðslu og uppsetningu, nota tæknilega þekkingu til að skilgreina og leysa vandamál sem upp geta komið við vinnslu jarðefna, sinna skyldum verkefnum.</p> <p><i>Dæmi um starfsheiti:</i> iðnfræðingur við jarðvinnslu, iðnfræðingur við málmblöndun, málm-tæknir, málmvinnslutæknir, námataæknir</p> <p><i>Skyld störf sem flokkuð eru annars staðar:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • bormaður (8113) • námamaður (7111) • námaverkfræðingur (2147)
			<p>3118</p>	<p>Störf við tækniteiknun</p> <p>Störf í þessum flokki felast m.a. í að sjá um tæknilega úrvinnslu teikninga, korta og mynda, annast undirbúning, útreikninga og samanburð gagna, teikna og setja upp teikningar af húsum, mannvirkjum, tækjum, kortum og myndum, afrita teikningar á prentplötur, sinna skyldum verkefnum.</p> <p><i>Dæmi um starfsheiti:</i> kortateiknari, staðfræðingur, tækniteiknari</p> <p><i>Skyld störf sem flokkuð eru annars staðar:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • landfræðingur (2442) • landmælingamaður við mælingar og skoðanir (3112)
			<p>3119</p>	<p>Tækni- og rannsóknarstörf í eðlisfræði, efnafræði og verkfræði ót.a.s.</p> <p>Hér skal flokka annað tækni- og sérmenntað starfsfólk á sviði eðlisfræði, efnafræði, verkfræði og véltækni sem ekki er hægt að flokka annars staðar í 311 Tækni- og rannsóknarstörf á sviði eðlisfræði, efnafræði og verkfræði. Störf í þessum flokki felast m.a. í að sinna ýmsum tæknilegum störfum, aðstoða verkfræðinga og tæknifræðinga í matvæla-, gler- og keramik-, pappírs-, leður- og textílframleiðslu, aðstoða við gerð og undirbúning kostnaðar-, hagræðingar- og framleiðsluáætlana í sömu greinum, sinna skyldum verkefnum.</p> <p><i>Dæmi um starfsheiti:</i> aðstoðarmaður sérfræðings á rannsóknarstofu, aðstoðarmaður sérfræðings innan eðlis-, efna- verkfræði ót.a.s., framleiðslutæknir, hagræðingartæknir, iðnrekstrarfræðingur, málmfræðingur, mjólkuriðnfræðingur, mjólkurtæknir, mælingamaður í skipaiðnaði, starfsmaður við vörupróun, útgerðartæknir</p> <p><i>Skyld störf sem flokkuð eru annars staðar:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • vatnamælingamaður (3111) • mjólkurfræðingur (7413) • mjólkurverkfræðingur (2146) • vélamaður við gerilsneyðingum mjólkur (8272)

		312	3120	<p>Tæknistörf á tölvusviði</p> <p>Tæknistörf á tölvusviði</p> <p>Störf í þessum flokki felast m.a. í að setja upp nýjan hugbúnað fyrir tiltekinn vélabúnað og stýrikerfi, gera minni háttar breytingar og lagfæringar á tölvukerfum s.s. vegna uppsetningar og viðhalds véla og hugbúnaðar, skipuleggja tölvuverkefni og tölvurekstur, byggja upp, sjá um og viðhalda tölvuneti innan fyrirtækja, aðstoða tölvunotendur við uppsetningu og viðhald staðlaðs hugbúnaðar, sjá um afritun gagna, viðhald og stjórnun vinnubjarka, nota tæknilega þekkingu við skilgreiningu og lausn vandamála varðandi tölvur og hugbúnað, sinna skyldum verkefnum. Verkstjórn annarra starfsmanna getur falist í starfssviðinu.</p> <p><i>Dæmi um starfsheiti:</i> kerfisfræðingur, kerfisfræðingur í notendabjónustu, kerfisstjóri, netstjóri, tæknilegur ráðgjafi við tölvukerfi, tækniamaður við tölvur, tölvutæknir</p> <p><i>Skyld störf sem flokkuð eru annars staðar:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • hönnuður hugbúnaðar (2131) • rafeindavirki við tölvur (7242) • vefsíðustjóri (3471) • vefstjóri (3471)
		313	3131	<p>Tæknistörf við hljóð- og myndtækni, fjarskiptatækni og umsjón sjúkdómsgreininga- og lækningatækja</p> <p>Tækni- og sérmenntað starfsfólk við hljóð og myndtækni tekur myndir, stjórnar kvikmynda- og myndbandsupptökuvélum og öðrum tækjum til að taka upp og breyta mynd og hljóði, stjórna tækjum og kerfum vegna útsendinga og fjarskipta, auk tækni-búnaðar vegna sjúkdómsgreiningar eða -meðferðar. Verkstjórn annarra starfsmanna getur falist í starfssviðinu.</p> <p>Tæknistörf við ljósmyndun, mynd- og hljóðupptöku, ljósastryngu o.þ.h.</p> <p>Störf í þessum flokki felast m.a. í að taka ljósmyndir, stjórna kvikmynda- og myndbandsupptökutækjum og öðrum tækjum við upptöku á myndum eða hljóði, klippa og breyta hljóði og mynd, veita tæknilegar upplýsingar um notkun og stjórnun myndavéla, kvikmyndavéla og annarra tækja varðandi hljóð, mynd og klippingu mynda, sinna skyldum verkefnum.</p> <p><i>Dæmi um starfsheiti:</i> dagskrárklippari, dagskrárritstjóri, filmuklippari, fréttaljósmyndari, hljóðmaður, hljóðmeistari, hljóðtæknir, hljóðupptökumaður, kvikmyndatökumaður, ljósmyndameistari, ljósmyndari, magnaravörður, myndatökumaður, myndbandsstjóri, myndmeistari, myndupptökutæknir, rötari, tækniamaður í hljóðveri eða myndveri, upptökustjóri</p> <p><i>Skyld störf sem flokkuð eru annars staðar:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • fjölmiðlataeknir (3139) • framköllunarmaður (7344) • ljósameistari (3139) • ljósameistari í leikhúsi (3139) • myndavélasmiður (7311) • prentsmiður (7141) • vélamaður við filmuframköllun (8224)

3132

Tæknistörf við fjarskipta-, hljóð- og myndsendingar

Störf í þessum flokki felast m.a. í að stjórna tækjum til útvarps- og sjónvarpsútsendinga svo og öðrum tækjum til fjarskipta í lofti, á landi og á sjó, stjórna tækjum í kvikmynda-húsum, veita tæknilegar upplýsingar um notkun og stjórnun tækja til útsendinga hljóðs- og myndefnis og annarra fjarskipta, sinna skyldum verkefnum.

Dæmi um starfsheiti:

dagskrártæknimaður, dagskrártæknimeistari, fjarskiptatæknir, flugradiómaður, kvikmyndasýningarmaður, loftskeytamaður, myndflutningatæknimaður, skoðunarmaður við útvarpseftirlit, tæknimaður við sjónvarp, tæknimaður við útvarp, tæknimaður í fjarskiptum, tæknimaður í myndflutningum, tæknimaður í útsendingu, tæknistjóri, útsendingartæknimaður, útsendingarstjóri

Skyld störf sem flokkuð eru annars staðar:

- aðstoðarmaður geislafræðings (5132)
- geislafræðingur (2229)
- hljóðmaður (3131)
- rafeindatæknir (3114)
- rafeindavirki (7242)
- símtæknir (3114)

3133

Tæknistörf við sjúkdómsgreininga- og lækningatæki

Störf í þessum flokki felast m.a. í að stjórna tækjum sem notuð eru til greiningar og meðhöndlunar sjúkdóma og annarra kvilla með gegnumlýsingu og deyfingu, veita tæknilegar upplýsingar um notkun og stjórnun sjúkdóms- og lækningatækja, aðstoða sérfræðinga við heyrnar- og sjónmælingar, sinna skyldum verkefnum.

Dæmi um starfsheiti:

heyrnarmælingamaður, hjartalínuritari, lækningatækjateknir, sjónsviðsmælingamaður, sjóntækjateknir, sneiðmyndataknir, tækniljósmyndari, tæknimaður við lækningatæki

Skyld störf sem flokkuð eru annars staðar:

- geislafræðingur (2229)
- heyrnartæknir (3229)
- sjóntæknir (3224)

3139

Tæknistörf við ljós-, hljóð- og myndtækni ót.a.s.

Hér skal flokka annað tæknifólk við ljós-, hljóð- og myndtækni sem ekki er hægt að flokka annars staðar í 313 *Tæknistörf við hljóð- og myndtækni, fjarskiptatækni og umsjón sjúkdómsgreininga- og lækningatækja*. Störf í þessum flokki felast m.a. í að sjá um lýsingu í leikhúsum, annast uppsetningu á leikmynd og búnaði í leikhúsum, við kvikmyndatökur og í sjónvarpi, aðstoða sérfræðinga á fjölmiðlum, aðstoða við uppsetningu og frágang á tækjum og vinna við öflun, frágang og úrvinnslu efnis fyrir birtingu og við útsendingu, sinna skyldum verkefnum.

Dæmi um starfsheiti:

fjölmiðlatæknir, ljósameistari, ljósameistari í leikhúsi, sýningarstjóri í leikhúsi, sviðsstjóri í leikhúsi, tæknistjóri í leikhúsi

Skyld störf sem flokkuð eru annars staðar:

- hljóðmeistari (3131)
- sýningarstjóri í leikhúsi (2455)

		314	<p>Sérfræðistörf tengd skipa- og flugsamgöngum</p> <p>Stjórnendur og tæknimenntað starfsfólk í skipum og flugvélum stjórna og sigla skipum og fljúga flugvélum og sinna tæknistörfum til að tryggja öryggi og hagkvæmni í ferðum þeirra og rekstri. Verkstjórn annarra starfsmanna getur falist í starfssviðinu.</p>
		3141	<p>Tæknistörf um borð í skipum með vélvirk, rafvirk og rafeindavirk tæki</p> <p>Störf í þessum flokki felast m.a. í að stjórna, sinna viðhaldi og gera við vélar og rafmagns- og rafeindatæki um borð í skipum, sinna skyldum verkefnum.</p> <p><i>Dæmi um starfsheiti:</i> skipavélfræðingur, yfirvélstjóri, vélstjóri á skipi</p> <p><i>Skyld störf sem flokkuð eru annars staðar:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • aðstoðarmaður vélstjóra (8162) • dagmaður í vél (8162) • skipatæknifræðingur (2145) • vélfræðingur (3115) • vélamaður á skipi(7233) • vélstjóri í iðnaði (3115)
		3142	<p>Störf stjórnenda hafnsögubáta, farþegaskipa, varðskipa og vöruflutningaskipa</p> <p>Störf í þessum flokki felast m.a. í að stjórna og stýra farþegaskipum, hafnsögubátum, varðskipum og vöruflutningaskipum, stjórna störfum á dekki og í brú, bera ábyrgð á öryggismálum um borð, sinna skyldum verkefnum.</p> <p><i>Dæmi um starfsheiti:</i> hafnsögumaður, siglingafræðingur á sjó, skipherra á varðskipi, skipstjóri á dráttarbáti, skipstjóri á farskipi, skipstjóri á farþegaskipi, skipstjóri á ferju, skipstjóri á sanddæluskipi, skipstjóri á vöruflutningaskipi, skipstjóri á hafnsögubáti, stýrimaður á farskipi, stýrimaður á farþegaskipi, stýrimaður á varðskipi, stýrimaður á vöruflutningaskipi</p> <p><i>Skyld störf sem flokkuð eru annars staðar:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • háseti á farskipi (8340) • skipstjóri á fiskibáti allt að 12 rúmlustum (6411) • skipstjóri á fiskiskipi stærri en 12 rúmllestir (6421) • stýrimaður á fiskiskipi stærri en 12 rúmllestir (6422)
		3143	<p>Störf stjórnenda flugvéla og annarra loftfara</p> <p>Störf í þessum flokki felast m.a. í að fljúga og stjórna flugvélum og öðrum loftförum, undirbúa og leggja fram flugáætlun, stjórna tækjum um borð í flugvélum og öðrum loftförum, sinna skyldum verkefnum.</p> <p><i>Dæmi um starfsheiti:</i> flugleiðsögumaður, flugmaður, flugstjóri, flugvélstjóri, siglingafræðingur í loftfari, þyrluflugmaður</p> <p><i>Skyld störf sem flokkuð eru annars staðar:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • flugumferðarstjóri (3144) • flugumsjónarmaður (3144) • flugvirki (7232) • yfirflugfreyja (5111)

			<p>3144</p>	<p>Sérfræðistörf við flugumsjón</p> <p>Störf í þessum flokki felast m.a. í að stjórna og fylgjast með flugtaki, flugi og aðflugi flugvéla og annarra loftfara og umferð um flugbrautir, gefa upplýsingar um flugáætlanir, flughæð, flugumferð og veður, sinna skyldum verkefnum.</p> <p><i>Dæmi um starfsheiti:</i> flugumferðarstjóri, flugumsjónarmaður, flugumferðarstjóranemi</p> <p><i>Skyld störf sem flokkuð eru annars staðar:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • flugleiðsögumaður (4143) • siglingafræðingur í loftfari (4143)
			<p>3145</p>	<p>Tækni- og rannsóknarstörf tengd flugöryggi</p> <p>Störf í þessum flokki felast m.a. í að hanna, setja upp, annast viðhald og gera við flugstjórnar- og flugeftirlitstæki, sinna skyldum verkefnum.</p> <p><i>Dæmi um starfsheiti:</i> eftirlitsmaður með flugöryggistækjum, flugöryggistækjaeftirlitsmaður, radióeftirlitsmaður</p> <p><i>Skyld störf sem flokkuð eru annars staðar:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • flugradíómaður (3132) • flugvirki (7232)
		<p>315</p>		<p>Öryggis-, hollustu- og gæðaeftirlitsstörf</p> <p>Öryggis- og gæðaeftirlitsmenn hafa eftirlit með að farið sé eftir lögum og reglum um brunavarnir, öryggi á vinnustöðum, hollustu- og umhverfisvernd, öryggi við framleiðslu og sölu vöru og þjónustu, auk þess að fylgjast með að vörur og þjónusta séu í samræmi við gæðastaðla og upplýsingar framleiðenda. Þeir geta starfað hvort tveggja á vegum opinberra aðila og fyrirtækja eða annarra einkaaðila Verkstjórn annarra starfsmanna getur falist í starfssviðinu.</p>
			<p>3151</p>	<p>Tækni- og rannsóknarstörf við byggingar- og brunaeftirlit</p> <p>Störf í þessum flokki felast m.a. í að hafa eftirlit með að farið sé eftir lögum og reglum um brunavarnir, ganga úr skugga um að byggingar og önnur mannvirki séu í samræmi við samþykktar teikningar, skipulagslög og byggingarsamþykktir, veita ráðgjöf um, aðstoða við uppsetningu og hafa eftirlit með eldvarnarkerfum, sinna skyldum verkefnum.</p> <p><i>Dæmi um starfsheiti:</i> brunaeftirlitsmaður, byggingareftirlitsmaður, eldvarnareftirlitsmaður</p> <p><i>Skyld störf sem flokkuð eru annars staðar:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • brunavörður (5161) • byggingartæknir (3112) • húsasmiður (7123) • húsvörður (5169) • reykkafari (5161)

32		3152	<p>Tækni- og rannsóknarstörf við öryggis-, hollustu- og gæðaeftirlit</p> <p>Störf í þessum flokki felast m.a. í að hafa eftirlit með að farið sé eftir lögum og reglum um framleiðslu, geymslu, flutning og sölu á vélum, vörum og þjónustu, fylgjast með að framleiðsluvélar, vörur og þjónusta séu í samræmi við öryggis-, hollustu- og gæðastaðla og séu í samræmi við upplýsingar sem framleiðandi veitir, hafa eftirlit með öryggi á vinnustöðum, skoða farartæki og gefa til máli ef öryggi er áfátt, kortleggja áhættuþætti og gefa ráð þar um, tryggja að farið sé eftir reglum um hollustu- og umhverfisvernd, sinna skyldum verkefnum.</p> <p><i>Dæmi um starfsheiti:</i> bifreiðaeftirlitsmaður, eftirlitsmaður, eftirlitsmaður með gæðamálum, eftirlitsmaður með stöðlum, fiskmatsmaður við gæðaeftirlit, gæðaeftirlitsmaður, gæðaeftirlitsmaður við fiskverkun, gæðamatsmaður, gæðastjóri í fiskvinnslu, matsmaður, matvælaeftirlitsmaður, skinnamatsmaður, vegaeftirlitsmaður, vinnueftirlitsmaður, öryggiseftirlitsmaður, ullarmatsmaður</p> <p><i>Skyld störf sem flokkuð eru annars staðar:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • hreinlætiseftirlitsmaður (3222) • heilbrigðisfulltrúi (2229) • hundaeftirlitsmaður (3222) • vaktmaður (9152) • vínveitingaeftirlitsmaður (3449)
	321		<p>Tækni- og rannsóknarstörf tengd líffræði- og heilbrigðisgreinum sem krefjast styttri háskólamenntunar eða tæknimenntunar</p> <p>Tækni- og rannsóknarstörf tengd líffræði- og heilbrigðisgreinum sem krefjast styttri háskólamenntunar eða tæknimenntunar. Tækni- og sérmenntað starfsfólk í náttúrufræði og heilbrigðisgreinum gegna tæknistörfum í tengslum við rannsóknir og hagnýtingu hugtaka, kenninga, meginreglna og vinnuaðferða á sviði náttúruvísinda, þ.m.t. í landbúnaði, skógrækt, heilbrigðisháttum, læknisfræði, hjúkrun, dýralæknisfræði, lyfjafræði og skyldum greinum. Verið getur að þeir lúti leiðsögn sérfræðinga í náttúruvísindum og heilbrigðisgreinum.</p> <p>Tækni- og rannsóknarstörf tengd líffræði, læknisfræði, landbúnaði o.fl.</p> <p>Tækni- og sérmenntað rannsóknarfólk á sviði líffræði, læknisfræði og skyldum greinum sinnir tækni- og rannsóknarstörfum í tengslum við rannsóknir og hagnýtingu hugtaka, kenninga og vinnuaðferða. Verkstjórn annarra starfamanna getur falist í starfssviðinu.</p>

			<p>3211</p>	<p>Tækni- og rannsóknarstörf í líffræði, læknisfræði o.þ.h.</p> <p>Störf í þessum flokki felast m.a. í að sinna tækni- og rannsóknarvinnu í líffræði, lífefnafræði, gerlafræði, blóðrannsóknnum og tengdum greinum, sjá um undirbúning, aðstoða við og framkvæma tilraunir, prófanir og greiningar, safna gögnum og áætla magn og kostnað við rannsóknir, hagnýta fræðilega þekkingu til að skilgreina og leysa vandamál, sinna skyldum verkefnum.</p> <p><i>Dæmi um starfsheiti:</i> aðstoðarmaður á rannsóknarstofu í líffræði, aðstoðarmaður lífefnafræðings, aðstoðarmaður meinatæknis, fiskeldisfræðingur með diplómapróf, gerlatæknir, hamskeri, lífsýnafulltrúi á sviði líffræði, líftæknir, tæknir á rannsóknarstofu í matvælaframleiðslu, tæknir á rannsóknarstofu í fiskiðnaði</p> <p><i>Skyld störf sem flokkuð eru annars staðar:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • aðstoðarmaður sérfræðings á rannsóknarstofu (3111) • efnatæknir (3111) • lyfjatæknir (3228) • meinatæknir (2212)
			<p>3212</p>	<p>Tækni- og rannsóknarstörf á sviði jarðfræði og bú- og skógræktar</p> <p>Störf í þessum flokki felast m.a. í að sinna tækni- og rannsóknarvinnu í jarðrækt og skógrækt, undirbúa, aðstoða við og framkvæma tilraunir, prófanir og greiningar, annast gagnasöfnun og gerð rekstraráætlana fyrir rannsóknir, nota hagnýta og fræðilega þekkingu til að skilgreina og leysa vandamál, sinna skyldum verkefnum.</p> <p><i>Dæmi um starfsheiti:</i> aðstoðarmaður jarðfræðings, aðstoðarmaður jarðeðlisfræðings, búfræðingur, bútæknir, bústjórnartæknir, jarðræktartæknir, jarðvegstæknir, skógræktartæknir</p> <p><i>Skyld störf sem flokkuð eru annars staðar:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • jarðræktarfræðingur (2213) • landbúnaðarráðunautur (2214) • skógarhöggsmáður (9212) • skógarvörður (5169) • skógfræðingur (2213) • skógræktarráðunautur (2214) • tamningamaður (6121)
		<p>322</p>		<p>Tækni- og ráðgjafarstörf innan heilbrigðisgeirans, þó ekki hjúkrunarstörf</p> <p>Aðstoðar- og ráðgjafarfólk á sviði heilbrigðisfræði sinnir tækni- og rannsóknarstörfum í tengslum við rannsóknir og hagnýtingu hugtaka, kenninga og vinnuaðferða. Verkstjórn annarra starfamaða getur falist í starfssviðinu.</p>

3222 Tækni- og ráðgjafarstörf tengd hreinlæti, heilbrigði og umhverfismálum

Störf í þessum flokki felast m.a. í að skoða og veita ráðgjöf um heilbrigði, hreinlæti og umhverfismál, hrinda af stað aðgerðum til að viðhalda og bæta hreinlætisgæðastaðla, koma í veg fyrir mengun í vatni, jarðvegi, lofti eða matvælum með ráðgjöf og upplýsingagjöf, veita ráðgjöf og aðstoð til að hindra sýkingu og mengun af völdum baktería og sníkjudýra, safna gögnum og annast útreikninga varðandi hreinlætis- og umhverfismál, sinna skyldum verkefnum.

Dæmi um starfsheiti:

hreinlætistæknir, hundaeftirlitsmaður, meindýradeyðir, sýkingarvarnarstjóri, umhverfisfulltrúi, hreinlætiseftirlitsmaður

Skyld störf sem flokkuð eru annars staðar:

- gæðaeftirlitsmaður (3152)
- heilbrigðisfulltrúi (2229)
- starfsmaður við sóttreinsun (5139)

3223 Tækni- og ráðgjafarstörf tengd mataræði og næringu

Störf í þessum flokki felast m.a. í að rannsaka og þróa hugtök og aðferðir um mataræði og næringu, setja saman, prófa og aðlaga matarkúra að mismunandi einstaklingum eða hópum, gefa einstaklingum, sjúklingum eða hópum ráð um mataræði og næringu, skipuleggja matseðla og innkaup matvæla á sjúkrahúsum og öðrum stofnunum, sinna skyldum verkefnum.

Dæmi um starfsheiti:

kokkur í tilraunaeldhúsi, matarfræðingur, næringarráðgjafi, næringartæknir

Skyld störf sem flokkuð eru annars staðar:

- kokkur (5122)
- matartæknir við hússtjórn (5121)
- matartæknir við matseld (5122)
- matsveinn (5122)
- matvælafræðingur (2146)
- næringarfræðingur (2229)
- ráðskona (5121)
- ráðsmaður (5121)

3224 Ljós- og sjóntækjafræðingar

Störf í þessum flokki felast m.a. í að útbúa gleraugu og linsur og veita ráðgjöf um notkun þeirra, veita ráðgjöf um lýsingu við lestur og vinnu fyrir heimili og vinnustaði, veita aðra sjónræna aðstoð, sinna skyldum verkefnum.

Dæmi um starfsheiti:

gleraugnafræðingur, ljósfræðingur, lýsingahönnuður, optiker, sjóntæknir, sjóntækjafræðingur

Skyld störf sem flokkuð eru annars staðar:

- augnlæknir (2221)
- ljósameistari (3139)
- rafeindavirki (7242)
- sjóntækjasmíður (7311)

			<p>3225</p>	<p>Tækni- og ráðgjafarstörf við tannhirðu og tannlækningar</p> <p>Störf í þessum flokki felast m.a. í að veita ráðgjöf og fræðslu um tannhirðu og tannvernd, skoða munnhol og taka munnvatnssýni, hreinsa tennur, fjarlægja tannstein og þússa fyllingar, aðstoða tannlækna við undirbúning tannaðgerða, sinna skyldum verkefnum.</p> <p><i>Dæmi um starfsheiti:</i> tannfræðingur, tanntæknir</p> <p><i>Skyld störf sem flokkuð eru annars staðar:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • aðstoðarmaður tannlæknis (5132) • móttökuritari hjá tannlækni (4222) • tannlæknir (2222)
			<p>3226</p>	<p>Störf tengd fótaaðgerðum, sjúkranuddi, hnykkklækningum o.þ.h.</p> <p>Störf í þessum flokki felast m.a. í að greina beina-, vöðva- og taugasjúkdóma og veita ráðgjöf um fyrirbyggjandi aðgerðir og meðferð við þeim með nuddi, hljóðbylgjum, hitameðferð eða öðrum aðferðum, veita ráðgjöf um rétta líkamsbeitingu til að koma í veg fyrir meiðsli og vöðvabólgu, meðhöndla sjúklunga með sjúkranuddi eða hnykkklækningum, leiðbeina sjúklingum í leikfimi, sinna og gera að minniháttar fótasjúkdómum, veita ráðgjöf og aðstoð um ýmis stoðtæki, sinna skyldum verkefnum.</p> <p><i>Dæmi um starfsheiti:</i> fótaaðgerðafræðingur, hnykkir, kírópraktor, leiðbeinandi í sjúkraleikfimi, sjúkraleikfímikennari, sjúkranuddari</p> <p><i>Skyld störf sem flokkuð eru annars staðar:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • augnþjálfari (3229) • fótisnyrtir (5141) • nuddari (5141) • sjúkrþjálfari (2229) • stoðtækjasmíður (7311) • svæðanuddari (3241)
			<p>3227</p>	<p>Tækni- og ráðgjafarstörf við dýralækningar</p> <p>Störf í þessum flokki felast m.a. í að veita upplýsingar og ráð um meðferð og umhirðu dýra, aðstoða dýralækna við greiningu og meðferð dýrasjúkdóma og -meiðsla, taka sýni og blóðprufur úr dýrum og röngtenmyndir, sinna skyldum verkefnum.</p> <p><i>Dæmi um starfsheiti:</i> starfsmaður við umönnun og aðhlyningu dýra, frjótæknir, sæðingarmaður</p> <p><i>Skyld störf sem flokkuð eru annars staðar:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • starfsmaður við umhirðu dýra (5139) • starfsmaður við sóttgreinsun (5139) • hundapjálfi (3340)

			<p>3228</p> <p>Störf lyfjatækna</p> <p>Störf í þessum flokki felast m.a. í að aðstoða lyfjafræðinga að blanda og útbúa læknislyf og önnur lyf samkvæmt lyfseðlum, veita upplýsingar og ráðgjöf um lyfjatökur og notkun smyrsla og krema, sinna skyldum verkefnum.</p> <p><i>Dæmi um starfsheiti:</i> lyfjatæknir</p> <p><i>Skyld störf sem flokkuð eru annars staðar:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • afgreiðslumaður í lyfjaverslun (5221) 	
			<p>3229</p> <p>Störf tengd meðferð ýmissa líkamskvilla eða fötlunar</p> <p>Hér skal flokka annað tæknifólk við tækni og ráðgjafarstörf í heilbrigðisgreinum sem ekki er hægt að flokka annars staðar í 322 <i>Aðstoðar- og ráðgjafarstörf innan heilbrigðisgeirans</i>. Störf í þessum flokki felast m.a. í að veita ráðgjöf og meðhöndlun við ýmis konar líkamskvillum eða fötlun, þjálfu og endurhæfa sjúka og fatlaða, veita heildræna meðferð með smáskammtalækningum, veita talþjálfun, veita meðferð og þjálfun við augnsjúkdómum, þjálfu og aðstoða blinda og sjónskerta, sinna skyldum verkefnum.</p> <p><i>Dæmi um starfsheiti:</i> augnþjálfu, blindraþjálfu, heyrnartæknir, smáskammtalæknir (hómópati), talþjálfu</p> <p><i>Skyld störf sem flokkuð eru annars staðar:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • heyrnarfræðingur (2229) • iðjuþjálfu (2226) • jógakennari (3475) • sjúkraliði við almenna hjúkrun (3231) • svæðanuddari (3241) • talkennari (2341) • talmeinafræðingur (2229) • þroskaþjálfu (2342) 	
	323		<p>3231</p> <p>Störf sjúkraliða</p> <p>Störf sjúkraliða við almenna hjúkrun</p> <p>Störf í þessum flokki felast m.a. í að hlynna að, aðstoða og sinna endurhæfingu við sjúklinga og aldraða innan eða utan heilbrigðisstofnana, annast lyfjagjöf undir handleiðslu hjúkrunarfræðinga, undirbúa sjúklinga fyrir aðgerðir og rannsóknir, aðstoða lækna og hjúkrunarfræðinga í aðgerðum, fylgjast með lífsmörkum sjúklings, aðstoða sjúklinga við hreinlæti og sjá um að þeir fái næga hreyfingu, sinna skyldum verkefnum. Verkstjórn annarra starfamanna getur falist í starfssviðinu.</p> <p><i>Dæmi um starfsheiti:</i> aðstoðarmaður við svæfingar, sjúkraliði við almenna hjúkrun, sjúkraliði við heimahjúkrun</p> <p><i>Skyld störf sem flokkuð eru annars staðar:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • sjúkraliði við fæðingarhjúkrun (3232) • hjúkrunarfræðingur (2230) • starfsmaður á sjúkrahúsi (5132) 	

			<p>3232</p>	<p>Störf sjúkraliða við fæðingarhjúkrun</p> <p>Störf í þessum flokki felast m.a. í að hlynnna að, aðstoða og sinna endurhæfingu við sjúklinga og aldraða innan eða utan heilbrigðisstofnana, annast lyfjagjöf undir handleiðslu hjúkrunarfræðinga, undirbúa sjúklinga fyrir aðgerðir og rannsóknir, aðstoða lækna og hjúkrunarfræðinga í aðgerðum, fylgjast með lífsmörkum sjúklings, aðstoða sjúklinga við hreinlæti og sjá um að þeir fái næga hreyfingu, sinna skyldum verkefnum. Verkstjórn annarra starfamanna getur falist í starfssviðinu.</p> <p><i>Dæmi um starfsheiti:</i> sjúkraliði við fæðingarhjúkrun, yfirsetukona</p> <p><i>Skyld störf sem flokkuð eru annars staðar:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • sjúkraliði við almenna hjúkrun (3231) • hjúkrunarfræðingur (2230) • starfsmaður á sjúkrahúsi (5132)
		<p>324</p>	<p>3241</p>	<p>Störf við alþýðulækningar og óhefðbundnar lækningar</p> <p>Störf við óhefðbundnar lækningar</p> <p>Störf í þessum flokki felast m.a. í að leiðbeina sjúklingum um rétt atferli eða mataræði til að viðhalda eða endurheimta andlegt og líkamlegt heilbrigði og styrk með beitingu óhefðbundinna lækninga, meðhöndla sjúklinga með því að styðja við og örva náttúrulegan bata, leitast við að lækna sjúkdóma með andlegum áhrifum, sefjun og trúarkrafti, sinna skyldum verkefnum. Verkstjórn annarra starfsmanna getur falist í starfssviðinu.</p> <p><i>Dæmi um starfsheiti:</i> alþýðulæknir, grasalæknir, nálastungulæknir, náttúrulæknir, svæðanuddari</p> <p><i>Skyld störf sem flokkuð eru annars staðar:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • huglæknir (3242) • hómópati (3229) • jógakennari (3475) • nuddari (5141)
			<p>3242</p>	<p>Störf við óhefðbundnar lækningar</p> <p>Störf í þessum flokki felast m.a. í að leiðbeina sjúklingum um rétt atferli eða mataræði til að viðhalda eða endurheimta andlegt og líkamlegt heilbrigði og styrk með beitingu óhefðbundinna lækninga, meðhöndla sjúklinga með því að styðja við og örva náttúrulegan bata, leitast við að lækna sjúkdóma með andlegum áhrifum, sefjun og trúarkrafti, sinna skyldum verkefnum. Verkstjórn annarra starfsmanna getur falist í starfssviðinu.</p> <p><i>Dæmi um starfsheiti:</i> heilari, huglæknir, lækningamiðill, miðill, reikimeistari</p> <p><i>Skyld störf sem flokkuð eru annars staðar:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • hnykkir (3226) • hómópati (3229) • jógakennari (3475) • nuddari (5141)

33			<p>Aðstoðarmenn kennara og þjálfarar</p> <p>Leiðbeinendur og þjálfarar aðstoða grunnskóla- og leikskólakennara við kennslu ýmissa námsgreina á grunnskóla- og forskólastigi, aðstoða við skipulagningu náms fyrir börn, aðstoða við kennslu líkamlegra eða fatlaðra einstaklinga eða fólki með námsörðugleika.</p>
	331	3310	<p>Aðstoðarkennsla á grunnskólastigi</p> <p>Aðstoðarkennsla á grunnskólastigi</p> <p>Störf í þessum flokki felast m.a. í að aðstoða kennara og leiðbeinendur í grunnskóla við kennslu skólabarna, aðstoða við lestrar-, skriftar- og stærðfræðikennslu, undirbúa, stjórna og fara yfir próf og verkefni undir verkstjórn kennara, skipuleggja og stjórna aukaverkefnum fyrir nemendur, sinna skyldum verkefnum. Verkstjórn annarra starfsmanna getur falist í verksviðinu.</p> <p><i>Dæmi um starfsheiti:</i> aðstoðarmaður kennara, uppeldisfulltrúi við grunnskóla</p> <p><i>Skyld störf sem flokkuð eru annars staðar:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • grunnskólakennari (2331) • leiðbeinandi í grunnskóla (2331) • stuðningsfulltrúi án háskólaprófs (3330)
	332	3320	<p>Aðstoðarkennsla og uppeldisstörf í leikskóla</p> <p>Aðstoðarkennsla og uppeldisstörf í leikskólum</p> <p>Störf í þessum flokki felast m.a. í að aðstoða leikskólakennara við kennslu leikskólabarna, sinna skyldum verkefnum. Verkstjórn annarra getur falist í verksviðinu.</p> <p><i>Dæmi um starfsheiti:</i> aðstoðarmaður leikskólakennari, leikskólaþjálfari, uppeldisfulltrúi í leikskóla</p> <p><i>Skyld störf sem flokkuð eru annars staðar:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • leikskólakennari (2332) • leikskólastjóri (1229)
	333	3330	<p>Störf við þjálfun og umönnun fatlaðra (þó ekki þroskaþjálfarar)</p> <p>Störf fulltrúa við þjálfun og umönnun fatlaðra</p> <p>Störf í þessum flokki felast m.a. í að aðstoða þroskaþjálfara við ýmis störf er lúta að ráðgjöf og kennslu líkamlegra eða andlegra fatlaðra einstaklinga, sinna skyldum verkefnum. Verkstjórn annarra starfsmanna getur falist í verksviðinu.</p> <p><i>Dæmi um starfsheiti:</i> handmenntaþjálfari, samfélagsþjálfari, stuðningsfulltrúi (án háskólaprófs), táknmálastúlkur, uppeldisfulltrúi á sambýli</p> <p><i>Skyld störf sem flokkuð eru annars staðar:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • þroskaþjálfari (2342)

		334	3340	<p>Störf annarra leiðbeinenda og þjálfara</p> <p>Störf annarra leiðbeinenda og þjálfara</p> <p>Störf í þessum flokki felast m.a. í að annast flug- og ökukennslu, fönðurkennslu, vinnuvéla- og tölvukennslu, raddþjálfun, tónlistarkennslu, starfsþjálfun og aðra kennslu er fellur utan forskóla og grunnskólakennslu. Verkstjórn annarra starfsmanna getur falist í starfssviðinu.</p> <p><i>Dæmi um starfsheiti:</i> danskennari, flugkennari, frístundaráðgjafi, fönðurkennari, heimilisiðnaðarkennari, hundapjálfari, kennari utan skólakerfis, prófdómari í ökuskóla, raddþjálfari, reiðkennari, skólastjóri tónlistarskóla (aðallega við kennslu), starfsleiðbeinandi, starfsþjálfari, tónlistarkennari við einkakennslu, tónlistarkennari við einkaskóla, tónlistarkennari við tónlistarskóla, tölvukennari utan skólakerfis, vinnuvélakennari, ökukennari</p> <p><i>Skyld störf sem flokkuð eru annars staðar:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • eftirlitskennari (2352) • einkapjálfari (3475) • íþróttaleiðbeinandi (3475) • íþróttþjálfari (3475) • jógakennari (3475) • líkamsræktarþjálfari (3475) • skólastjóri tónlistaskóla (aðallega við stjórnun) (1319)
34				<p>Sérhæfð ráðgjafa- og sölustörf tengd fjármálum, viðskiptaþjónustu, stjórnun o.fl.</p> <p>Sérhæfðir ráðgjafar og sölumenn stunda tæknistörf eða annars konar störf sem lúta að hagnýtri þekkingu á sviði fjármála og sölu, fyrirtækjastjórnunar, bókhalds, lögfræði- og tölfraeðiþjónustu, svo og opinberri þjónustu ýmiss konar, t.d. á sviði tollgæslu, ferðaþjónustu, skattheimtu, velferðarþjónustu, vinnumiðlunar, leyfisveitinga og löggæslu. Þá stunda þeir sérhæfð störf sem lúta að félagslegri þjónustu, skemmtanahaldi, íþróttum og trúarbrögðum.</p>
341		341	3411	<p>Sérhæft ráðgjafa- og sölustörf og störf við fjármálaþjónustu</p> <p>Sérhæft ráðgjafa- eða sölufólk kaupir og selur verðbréf, tryggingar, fasteignir, ferða- og viðskiptaþjónustu, stundar gjaldeyrisviðskipti, starfar í umboði heildsala eða sem kaupendur fyrir fyrirtæki og stofnanir eða metur vörur, fasteignir eða aðrar eignir og selur á uppboðum. Verkstjórn annarra getur falist í starfssviðinu.</p>
			3411	<p>Störf tengd ráðgjöf og sölu verðbréfa</p> <p>Störf í þessum flokki felast m.a. í að kaupa, selja og veita ráðgjöf um verðbréf og erlenda gjaldmiðla, gera úttekt á markaðsþróun fyrir viðskipti með verðbréf, gjaldeyri og aðrar fjárfestingar, kaupa eða selja verðbréf fyrir hönd viðskiptavina, veita ráðgjöf um lánakjör og lánaskilyrði og kanna lánshæfi, afla, greina og veita upplýsingar um fjármálamarkaðinn, sinna skyldum verkefnum.</p> <p><i>Dæmi um starfsheiti:</i> fjármálaráðgjafi við sölu verðbréfa, gjaldeyrismiðlari, sérfræðingur á verðbréfasviði, viðskiptafræðingur á verðbréfasviði, sérfræðingur við sölu verðbréfa, sjóðsstjóri, verðbréfamiðlari, verðbréfasali, víxlari</p> <p><i>Skyld störf sem flokkuð eru annars staðar:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • bankaritari (4122) • móttökuritari (4222) • viðskiptafræðingur við fjármálaráðgjöf (2419) • þjónustufulltrúi í banka (3418)

3412

Störf tengd ráðgjöf og sölu trygginga

Störf í þessum flokki felast m.a. í að veita ráðgjöf um og selja líf-, slysa-, bifreiða-, eigna- og brunatryggingar, og ýmsar aðrar tryggingar til einstaklinga og fyrirtækja, afla upplýsinga um og greina tryggingapörf viðskiptavina, taka ákvörðum um áhættuþætti og áhættustig, umfang trygginga og greiðsluskilmála, semja um endurtryggingar og endurtryggingaskilmála og endurskoða eldri samninga, sinna skyldum verkefnum.

Dæmi um starfsheiti:

áhættugreinandi (tryggingar), fjármálaráðgjafi (tryggingar), tryggingaráðgjafi, tryggingasali, öryggisráðgjafi (tryggingar), tæknilegur ráðgjafi (tryggingar)

Skyld störf sem flokkuð eru annars staðar:

- símasölumaður (5222)
- tryggingafulltrúi (3434)
- tryggingamatmaður (3417)
- tryggingastærðfræðingur (2121)

3413

Störf tengd fasteignasölu og fasteignauskýslu

Störf í þessum flokki felast m.a. í að veita ráðgjöf vegna kaupa, leigu eða sölu fasteigna fyrir hönd viðskiptavina, afla upplýsinga um fasteign sem á að selja eða leigja, sýna væntanlegum kaupendum eða leigjendum fasteign og gefa upplýsingar um leigu- eða söluskilmála, ganga frá kaup-, sölu- eða leigusamningum eða afsali, sinna skyldum verkefnum.

Dæmi um starfsheiti:

fasteignamiðlari, fasteignasali, leigumiðlari, leigusali, löggiltur fasteignasali

Skyld störf sem flokkuð eru annars staðar:

- byggingareftirlitsmaður (3151)
- lögfræðingur við fasteignasölu (2429)
- skipamiðlari (3421)
- skoðunarmaður fasteigna (3417)
- viðskiptamiðlari (3421)

3414

Störf tengd ráðgjöf og sölu ferðapjónustu

Störf í þessum flokki felast m.a. í að afla og veita upplýsingar um ferðamöguleika, kostnað og hagræði, skipuleggja og veita ráðgjöf um ferðatilhögun og selja ferðir, sjá um hótelpantanir, gefa út farseðla og tilvísanir, skipuleggja ferðir fyrir hópa og einstaklinga, sjá um og útvega nauðsynlega pappira og vegabréfsáritanir, sinna skyldum verkefnum.

Dæmi um starfsheiti:

ferðafræðingur, ferðamálafulltrúi, ferðaráðgjafi, ráðgjafi á ferðaskrifstofu

Skyld störf sem flokkuð eru annars staðar:

- fararstjóri (5113)
- ferðamálastjóri (1210)
- ferðapjónustubóndi aðallega við hússtjórn (5121)
- ferðapjónustubóndi með búfjárrækt (6124)
- gjaldkeri á ferðaskrifstofu (4211)
- leiðsögumaður (5113)
- skrifstofumaður við farmiðasölu (4221)

3415

Störf tengd ráðgjöf og sölu sérhæfðs tæknibúnaðar

Störf í þessum flokki felast m.a. í að veita ráðgjöf og selja mismunandi tæknibúnað, tæki og sérhæfða þjónustu til smásala, heildsala, iðnfyrirtækja, einstaklinga, fyrirtækja og stofnana, annast uppsetningu tæknibúnaðar, veita ráðgjöf og upplýsingar um eiginleika og notkun, útfæra sérhæfðar tæknilausnir, taka á móti pöntunum og ganga frá kaup- og sölusamningum, sinna skyldum verkefnum.

Dæmi um starfsheiti:

notendaráðgjafi fyrir tæknibúnað, sölumaður í fiskheildsölu, sölumaður lækningatækja, sölumaður tæknibúnaðar, sölumaður sérhæfðrar vöru og þjónustu, söluráðgjafi, umboðs-sali

Skyld störf sem flokkuð eru annars staðar:

- afgreiðslumaður (5221)
- auglýsingasali (3429)
- bílasali (5224)
- fasteignasali (3413)
- sölumaður í heildsölu (5224)
- tryggingasali (3412)

3416

Innkaupastörf í fyrirtækjum og stofnunum

Störf í þessum flokki felast m.a. í að kaupa vörur eða þjónustu fyrir hönd fyrirtækja eða stofnana, ákveða magn, kanna gæði og verð keyptrra vara, afhendingartíma og aðrar nauðsynlegar upplýsingar við kaup á vörum og þjónustu, sinna skyldum verkefnum.

Dæmi um starfsheiti:

innkaupafulltrúi, starfsmaður við hráefnisinnkaup, umboðskaupandi

Skyld störf sem flokkuð eru annars staðar:

- aðfangaritari (4131)
- afgreiðslumaður (5221)
- birgðaritari (4131)
- framleiðsluritari (4132)

3417

Störf tengd matsgerð og uppboðshaldi

Störf í þessum flokki felast m.a. í að meta gæði og verðgildi eigna, tækja og vara sem eru til sölu eða þarf að tryggja, meta umfang og tjón í tryggingamálum, meta vörur, fasteignir eða aðrar eigur sem á að selja á uppboði, sinna skyldum verkefnum.

Dæmi um starfsheiti:

mælingamaður, skattmatsmaður, skoðunarmaður fasteigna, tjónamatsmaður, tjónaskoðunarmaður, tryggingamatsmaður, uppboðshaldari, verðmatsmaður

Skyld störf sem flokkuð eru annars staðar:

- eftirlitsmaður með mál og vog (3449)
- fasteignasali (3413)
- tryggingasali (3412)
- uppmælingamaður í byggingariðnaði (3112)

			<p>3418</p>	<p>Störf þjónustufulltrúa og sérhæfð störf í bankastofnunum</p> <p>Störf í þessum flokki felast m.a. í að veita ráðgjöf um sparnað, annast og meta kreditkorta- og lánaumsóknir, veita ráðgjöf um lánakjör og lánaskilyrði og kanna lánshæfi, afla og veita upplýsingar um fjármálamarkaðinn, veita ráðgjöf um einstaklingsfjármál og fjármál fyrirtækja, sinna skyldum verkefnum.</p> <p><i>Dæmi um starfsheiti:</i> bankafulltrúi, fjármálafulltrúi, þjónustufulltrúi í banka</p> <p><i>Skyld störf sem flokkuð eru annars staðar:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • bankagjaldkeri (4212) • bankaritari (4122) • verðbréfamiðlari (3411) • verðbréfasali (3411) • viðskiptafræðingur við fjármálaráðgjöf (2419)
			<p>3419</p>	<p>Sérhæfð störf tengd sölu og ráðgjöf ót.a.s.</p> <p>Hér skal flokka fjármála- og sölufulltrúa sem ekki er hægt að flokka annars staðar í 341 <i>Sérhæfð ráðgjafa- og sölustörf og störf við fjármálaþjónustu</i>. Störf í þessum flokki felast m.a. í að sinna innkaupa- og sölustörfum eða fjármálastörfum, annast pantanir og fylgjast með afhendingu vara, sjá um markaðs- og auglýsingamál og veita ráðgjöf um markaðs- eða auglýsingaherferðir, reikna kostnað vegna verkefna og taka þátt í tilboðsgerð, sinna skyldum verkefnum.</p> <p><i>Dæmi um starfsheiti:</i> auglýsingafulltrúi, birgðastjóri, fulltrúi fjármálastjóra, markaðsfulltrúi, svæðisstjóri, sölu-fulltrúi, þjónustufulltrúi ót.a.s.</p> <p><i>Skyld störf sem flokkuð eru annars staðar:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • auglýsingasali (3429) • framleiðsluritari (4132) • rekstrarfulltrúi (3431) • þjónustufulltrúi í banka (3418)
	<p>342</p>			<p>Fulltrúar og miðlarar í viðskiptaþjónustu</p> <p>Fulltrúar og miðlarar í viðskiptaþjónustu koma á nauðsynlegum tengslum milli kaupenda og seljenda, kaupa og selja vörur að jafnaði í miklu magni, sjá um tollafgreiðslu og ganga úr skugga um að tryggingar og inn/útflutningsleyfi séu í lagi, miðla vinnu til umsækjenda, útvega starfsfólk í lausar stöður eða útvega vinnuafli til sérstakra verkefna, auk þess að selja alls kyns aðra sérhæfða þjónustu við atvinnulíf. Verkstjórn annarra starfsmanna getur falist í starfssviðinu.</p>

3421

Störf við viðskipta- og vörumiðlun

Störf í þessum flokki felast m.a. í að koma á tengslum og samningum milli kaupenda og seljenda, oftast í tengslum við inn/útflutning, kaupa og selja vörur í miklu magni, kaupa og selja vörur á uppboðum í umboði viðskiptavinar, leggja fram tilboð og annast viðskipti við samningsmenn og viðskiptavini, selja eða hafa milligöngu um vöruflutninga milli landa eða landshluta, útvega flutningsrými í farartækjum í lofti og á láði, sinna skyldum verkefnum.

Dæmi um starfsheiti:

hráefnismiðlari, skipamiðlari, umboðsmaður fyrir flutninga, viðskiptamiðlari, vörumiðlari

Skyld störf sem flokkuð eru annars staðar:

- fasteignamiðlari (3413)
- flutningamiðlari (3422)
- flutningaritari (4132)
- leigumiðlari (3413)
- umboðskaupandi (3416)
- umboðssali (3415)

3422

Störf við tollvöru og vöruflutningamiðlun

Störf í þessum flokki felast m.a. í að skipuleggja vöruflutninga fyrir fyrirtæki eða viðskiptavini, sjá til þess að inn/útflutningspappírar og tryggingar séu í lagi, reikna út aðflutningsgjöld, tolla og skatta, gefa út flutningspappíra, sjá um tollaafgreiðslu og leysa út vörur í tolli, gera grein fyrir bótakröfum, kvörtunum og tjónum, leigja skip til vöru- eða farþegaflutninga, sinna skyldum verkefnum.

Dæmi um starfsheiti:

flutningamiðlari, tollvörumiðlari

Skyld störf sem flokkuð eru annars staðar:

- flutningaritari (4132)
- umboðsmaður fyrir flutninga (3421)
- umboðssali (3415)
- vörumiðlari (3421)

3423

Störf við vinnumiðlun

Störf í þessum flokki felast m.a. í að miðla vinnu til umsækjenda, útvega starfsfólk í lausar stöður eða útvega vinnuafli til sérstakra verkefna fyrir hönd fyrirtækja eða stofnana gegn umboðslaunum, veita upplýsingar um vinnumarkað, sinna skyldum verkefnum.

Dæmi um starfsheiti:

atvinnumiðlari, fulltrúi í vinnumiðlun, vinnumiðlari, vinnumiðlunarfulltrúi

Skyld störf sem flokkuð eru annars staðar:

- atvinnuráðgjafi (2412)
- fulltrúi starfsmannastjóra (3431)
- ritari í starfsmannahaldi (4190)
- starfsráðgjafi (2412)

			<p>3429</p>	<p>Störf við viðskiptaþjónustu ót.a.s.</p> <p>Hér skal flokka fulltrúa og miðlara í viðskiptaþjónustu sem ekki er hægt að flokka annars staðar í 342 <i>Fulltrúar og miðlarar í viðskiptaþjónustu</i>. Störf í þessum flokki felast m.a. í að koma á viðskiptasamböndum, selja þjónustu til fyrirtækja s.s. auglýsingarými í fjölmiðlum, flutningaþjónustu o.þ.h. eða selja upplýsingar um lánshæfni og annað tengt viðskiptum, útvega og gera samninga fyrir hönd íþróttamanna, skemmtikrafta og listamanna svo og vegna bókaútgáfu, uppsetninga leikrita, hljóðritana eða sölu tónlistar, sinna skyldum verk-efnum.</p> <p><i>Dæmi um starfsheiti:</i> auglýsingasali, sérfræðingur í auglýsingadeild, sölumaður auglýsinga, umboðsmaður íþróttamanna, umboðsmaður listamanna, umboðsmaður rithöfunda</p> <p><i>Skyld störf sem flokkuð eru annars staðar:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • auglýsingafulltrúi (3419) • markaðsfulltrúi (3419) • sölufulltrúi (3419)
		<p>343</p>		<p>Fulltrúa- og ritarastörf tengd stjórnun</p> <p>Fulltrúar og ritarar við stjórnun og skyld störf útfæra og aðstoða við boðskipti, skjalaskráningu og innri samhæfingu stjórnunar í fyrirtækjum eða stofnunum og sjá um eða skipuleggja upplýsingaflæði milli deilda. Verkstjórn annarra starfsmanna getur falist í starfssviðinu.</p>
			<p>3431</p>	<p>Störf fulltrúa og ritara tengd stjórnun</p> <p>Störf í þessum flokki felast m.a. í að útfæra og aðstoða sérfræðinga eða stjórnendur fyrirtækja eða stofnana við boðskipti, skjalaskráningu og innri samhæfingu stjórnunar, sjá um eða skipuleggja upplýsingaflæði milli deilda, undirbúa og skipuleggja fundi og ferðalög fyrir stjórnendur og aðra starfsmenn, aðstoða við undirbúning fjárhagsáætlana og eftirlit með útgjöldum, skrifa fundargerðir, skipuleggja og undirbúa námskeið og ráðstefnur, skrifa úrdrátt eða endursögn frá umræðum á fundum eða í dómssölum eða samkvæmt læknaáskýrslum, undirbúa og aðstoða við nýliðun í fyrirtæki og aðstoða við gerð kjara- og starfssamninga, sinna skyldum verkefnum.</p> <p><i>Dæmi um starfsheiti:</i> dómritari, einkaritari, fulltrúi forstöðumanns, fulltrúi rektors, fulltrúi skólameistara, fulltrúi starfsmannastjóra, læknafulltrúi, læknaritari, rekstrarfulltrúi, skólaritari, stjórnunarritari, umdæmisfulltrúi</p> <p><i>Skyld störf sem flokkuð eru annars staðar:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • hjúkrunarritari (3439) • hjúkrunarritari í móttöku (4222) • læknaritari í móttöku (4222) • ritari lögmanns (3432) • skrifstofumaður við almenn skrifstofustörf (4190)

			<p>3432</p>	<p>Störf fulltrúa- og ritara tengd lögfræði</p> <p>Störf í þessum flokki felast m.a. í að aðstoða lögfræðinga við störf þeirra, athuga og draga saman réttarskjöl og önnur málskjöl, aðstoða viðskiptavini og umboðsmenn um réttarstöðu, undirbúa skjöl fyrir opinbera skráningu, aðstoða við gerð erfðaskrár, sinna skyldum verkefnum.</p> <p><i>Dæmi um starfsheiti:</i> aðstoðarmaður dómara, aðstoðarmaður lögfræðings, dómararitari, kæruskrárritari, lóðarskrárritari, lögfræðiritari, ritari lögmanns</p> <p><i>Skyld störf sem flokkuð eru annars staðar:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • dómari (2422) • lögfræðingur ót.a.s. (2429) • lögmaður (2421) • málafærslumaður (2421)
			<p>3433</p>	<p>Störf bókara</p> <p>Störf í þessum flokki felast m.a. í að halda fullkomið bókhald yfir viðskipti í samræmi við bókhaldsreglur og bókhaldslög, meta nákvæmni skjala og skráa m.t.t. greiðslna, kvittana o.þ.h., undirbúa ársreikninga og fjármálaskýrslur fyrir endurskoðun, sinna skyldum verkefnum.</p> <p><i>Dæmi um starfsheiti:</i> bókari, bókhaldari, fjárhagsáætlunarfulltrúi, fulltrúi aðalbókara</p> <p><i>Skyld störf sem flokkuð eru annars staðar:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • aðalbókari (aðallega við stjórnun) (1231) • bókhaldsritari (4121) • gjaldkeri á skrifstofu (4211) • löggiltur endurskoðandi (2411)
			<p>3434</p>	<p>Störf fulltrúa og ritara tengd tölfræði og stærðfræði</p> <p>Störf í þessum flokki felast m.a. í að safna, vinna úr og kynna stærðfræðileg, tryggingafræðileg og tölfræðileg gögn, undirbúa áætlun um magn og kostnað efnis og mannafla fyrir tölfræðirannsóknir, sinna tæknistörfum við gerð, uppfærslu og notkun skráa og úrtaksramma við ýmsar talningar og tölfræðirannsóknir, sinna ýmsum störfum við söfnun upplýsinga og gæðaeftirlit vegna tölfræðirannsókna, undirbúa kynningu á tölfræðigögnum, sinna skyldum verkefnum.</p> <p><i>Dæmi um starfsheiti:</i> aðstoðarmaður stærðfræðings, aðstoðarmaður tryggingafræðings, aðstoðarmaður tölfræðings, fulltrúi við hagskýrslugerð, lífeyrisskrárfulltrúi, tryggingafulltrúi, fluggagnafræðingur</p> <p><i>Skyld störf sem flokkuð eru annars staðar:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • bókari (3433) • skráningarritari (4113) • tölfræðingur (2122)

3436

Upplýsingafulltrúar

Störf í þessum flokki felast m.a. í að, safna upplýsingum, miðla upplýsingum innan fyrirtækis eða stofnunar, miðla upplýsingum til almennings, útgáfa efnis á prentuðu eða rafrænu formi, samstarf við fjölmiðla, útgáfa fréttabréfa, sjá um heimavef og veraldarvef, gefa út ársskýrslu, sjá um útgáfa á margvíslegu kynningarefni, sinna skyldum verkefnum.

Dæmi um starfsheiti:

kynningarfulltrúi, upplýsingafulltrúi

Skyld störf sem flokkuð eru annars staðar:

- blaðafulltrúi (2413)

3437

Störf skjala-, safn- og bókavarða

			8163	<p>Störf vélgæslufólks við brennsluofna og vatnshreinsunarstöðvar</p> <p>Störf í þessum flokki felast m.a. í að stjórna og fylgjast með brennsluofnum og tækjum sem brenna rusl og annan úrgang, stjórna og fylgjast með vatnshreinsitækjum, loft- og gasþjöppum, dæluvélum og ýmis konar hita- og kælikerfum, sinna skyldum verkefnum.</p> <p><i>Dæmi um starfsheiti:</i> líkbrennslumaður, verkamaður við sorpbrennslu, vélamaður í kæligeymslu, vélamaður í vatnsdælustöð, vélamaður við sorpbrennslu, vélamaður við vatnsmiðlun</p> <p><i>Skyld störf sem flokkuð eru annars staðar:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • vélagæslumaður í orkuveri (8161) • vélgæslumaður í jarðgashreinsunarstöð (8155) • vélgæslumaður í olíuhreinsunarstöð (8155) • vélgæslumaður við loðnubræðslu (8152) • vélgæslumaður við málmbræðslu (8122)
82				<p>Störf véla- og samsetningarfólks</p> <p>Véla- og samsetningarfólk stjórnar og fylgist með tækjum og vélum í iðnaði á staðnum eða með fjarstýringu eða setur saman afurðir úr tilbúnum einingum samkvæmt nákvæmri forskrift.</p>

	821		<p>Störf vélafólks við málm- og steinefnaframleiðslu</p> <p>Vélafolk við málm- og steinefnaframleiðslu stjórnar og fylgist með málmvinnslutækjum eða tækjum sem framleiða afurðir sem að mestu leyti eru gerðar úr öðrum steinefnum en málmum. Verkstjórn annarra starfsmanna getur falist í starfssviðinu.</p>
	8211		<p>Störf vélafólks við málmsmíðavélar</p> <p>Störf í þessum flokki felast m.a. í að stjórna og fylgjast með sjálfvirkum eða hálfjálfvirkum málmsmíðatækjum s.s. borvélum, brýningarvélum, klippum, kvörnum, málmpressum, mölunarvélum, rennibekkjum, sögunarvélum, skerpingarvélum og vindum, sinna skyldum verkefnum.</p> <p><i>Dæmi um starfsheiti:</i> vélamaður við málmpressu, vélamaður við myntsláttu, vélamaður við niðurbrot málma, vélamaður við rennibekk (málmsmíðar), vélamaður við smíðavél, vélamaður við vélsög</p> <p><i>Skyld störf sem flokkuð eru annars staðar:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • málmsmíður (7211) • málmsteypumaður (7211) • vélgæslumaður í málmhitunarveri (8123) • vélgæslumaður við málmbræðslu (8122) • vélgæslumaður við málmröragerð (8124) • vélgæslumaður við stálröragerð (8124) • vélvirki (7233)
	8212		<p>Störf vélafólks við steinsteypuvélar og aðrar jarðefnavélar</p> <p>Störf í þessum flokki felast m.a. í að stjórna og fylgjast með vélum og tækjum sem pressa, móta, mylja, klippa og skera við framleiðslu eða lokavinnslu ýmissa stein- og steypueininga, s.s. gangstéttarhellur og byggingareiningar, stjórna og fylgjast með vélum við framleiðslu steypu, stjórna vélum við blöndun steinefna, sinna skyldum verkefnum.</p> <p><i>Dæmi um starfsheiti:</i> steypustöðvarstjóri, vélamaður við framleiðslu steypueininga, vélamaður við hellusteypu, vélamaður við steypuhrærivél, vélgæslumaður við malbikunarframleiðslu</p> <p><i>Skyld störf sem flokkuð eru annars staðar:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • hellulagningarmaður (7122) • járnabindingamaður (7123) • steypueiningasmiður (7123) • verkamaður við malbikun (9312) • vélgæslumaður við sementsframleiðslu (8152) • vélgæslumaður við steinefnaframleiðslu (8112) • vélgæslumaður við steinmulningsvél (8151) • vélamaður á malbikunarvél (8332)
	822		<p>Störf vélafólks við efnavöruframleiðslu</p> <p>Vélafolk við efnavöruframleiðslu stjórnar og fylgist með tækjum sem vinna úr margvíslegum grunnefnum og öðru hráefni til að framleiða lyf, snyrtivörur, sprengiefni, ljósmynda- eða aðrar efnavörur eða til að slípa og húða málmhluti. Verkstjórn annarra starfsmanna getur falist í starfssviðinu.</p>

			<p>8221</p>	<p>Störf vélafólks við lyfja-, hreinsiefna- og snyrtivöruframleiðslu</p> <p>Störf í þessum flokki felast m.a. í að stjórna og fylgjast með vélum sem móta, sía, gerja, hita, blanda, mylja, fylla og innsigla efni sem notuð eru við framleiðslu á lyfjum, hreinlætisvörum, snyrtivörum og líkum vörum, fylgjast með tækjum sem stjórna hitastigi, þrýstingi, flæði og hraða framleiðslunnar, þrifa og sótthreinsa tæknibúnað, sinna skyldum verkefnum.</p> <p><i>Dæmi um starfsheiti:</i> vélamaður við ilmvatnsgerð, vélamaður við lyfjaframleiðslu, vélamaður við sápugetu, vélamaður við snyrtivöruframleiðslu</p> <p><i>Skyld störf sem flokkuð eru annars staðar:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • vélgæslumaður við áburðarframleiðslu (8159) • vélgæslumaður við gerviefnaframleiðslu (8159)
			<p>8222</p>	<p>Störf vélafólks við skotfæra- og sprengiefnagerð</p> <p>Störf í þessum flokki felast m.a. í að stjórna og fylgjast með vélum sem blanda ýmsum grunnefnum saman til framleiðslu sprengifimra efna, stjórna og fylgjast með vélum sem framleiða sprengipræði fyrir sprengjur og flugelda, stjórna og fylgjast með vélum sem setja saman og fylla sprengikúlur, sprengjur, flugelda, eldflaugar og líkan búnað, sinna skyldum verkefnum.</p> <p><i>Dæmi um starfsheiti:</i> vélamaður við flugeldagerð, vélamaður við sprengjagerð</p> <p><i>Skyld störf sem flokkuð eru annars staðar:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • sprengjusérfræðingur (7112) • starfsmaður við flugeldagerð (7112)
			<p>8223</p>	<p>Störf vélafólks við málmhúðun</p> <p>Störf í þessum flokki felast m.a. í að stjórna og fylgjast með tækjum sem hreinsa málmhluti áður en þeir eru húðaðir með sinki, glerungi eða öðru slíku, stjórna og fylgjast með tækjum sem húða eða þekja málmhluti með ýmsum efnum þeim til einangrunar, varnar eða skrauts, sinna skyldum verkefnum.</p> <p><i>Dæmi um starfsheiti:</i> vélamaður við krómhúðun, vélamaður við málmhúðun, vélamaður við plasthúðun, vélamaður við sandblástur málna</p> <p><i>Skyld störf sem flokkuð eru annars staðar:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • sandblásari í gler (7323) • sandblásari (hús) (7143) • sandblásari í leir (7321) • sandblásari í stein (7113) • sandblástursmaður (7143) • vélagæslumaður við málmsteypuvél (8122)

			<p>8224</p>	<p>Störf vélafólks við ljósmyndavöruframleiðslu</p> <p>Störf í þessum flokki felast m.a. í að stjórna og fylgjast með tækjum sem framleiða ljósmyndafilmur og -pappír, stjórna og fylgjast með tækjum sem húða og styrkja ljósmyndaplötur, stjórna og fylgjast með tækjum sem framleiða filmu- og ljósmyndaplötur, stjórna og fylgjast með tækjum sem prenta ljósmyndir á pappír eða minnka eða stækka ljósmyndir, sinna skyldum verkefnum.</p> <p><i>Dæmi um starfsheiti:</i> vélamaður við filmuframköllun, vélamaður við filmuframleiðslu, vélamaður við ljósmynda-stækkun</p> <p><i>Skyld störf sem flokkuð eru annars staðar:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • afgreiðslumaður í ljósmyndavöruverslun (5221) • framköllunarmaður (7344) • prentljósmyndari (7341) • skrifstofumaður við ljósritun (4190) • starfsmaður við fjölrítun (8251)
			<p>8229</p>	<p>Störf vélafólks við efnavöruframleiðslu ót.a.s.</p> <p>Hér skal flokka störf vélgæslufólks sem ekki er hægt að flokka annars staðar í <i>822 Véla- og samsetningarfólk</i>. Störf í þessum flokki felast m.a. í að stjórna og fylgjast með vélum sem framleiða og blanda saman ýmsum grunnefnum til frekari framleiðslu eða til framleiðslu lokaafurðar s.s. kerti, lím, línóleum, málning og því um líkt, sinna skyldum verkefnum.</p> <p><i>Dæmi um starfsheiti:</i> vélamaður við kertagerð, vélamaður við málningarframleiðslu</p> <p><i>Skyld störf sem flokkuð eru annars staðar:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • afgreiðslumaður í málningarvöruverslun (5224)
	<p>823</p>			<p>Störf vélafólks við gúmmí- og plastframleiðslu</p> <p>Vélafolk við gúmmí- og plastframleiðslu stjórna og fylgist með tækjum sem hnoða og blanda gúmmí og gúmmíefnasambönd og framleiða ýmiss konar íhluti og fullunnar vörur úr náttúrulegu gúmmí eða gervigúmmí og plastefnum. Verkstjórn annarra starfsmanna getur falist í starfssviðinu.</p>
			<p>8231</p>	<p>Störf vélafólks við gúmmíframleiðslu</p> <p>Störf í þessum flokki felast m.a. í að stjórna og fylgjast með tækjum sem hnoða og blanda gúmmí og gúmmísamböndum til frekari framleiðslu, stjórna vélum og tækjum til framleiðslu ýmissa íhluta og fullunninna vara úr gúmmí og gervigúmmí, sinna skyldum verkefnum.</p> <p><i>Dæmi um starfsheiti:</i> vélamaður við dekkjagerð, vélamaður við dekkjasólun</p> <p><i>Skyld störf sem flokkuð eru annars staðar:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • ófaglærður verkamaður á verkstæði (9321)

			8232	<p>Störf vélafólks við plastframleiðslu</p> <p>Störf í þessum flokki felast m.a. í að stjórna og fylgjast með tækjum sem hnoða og blanda samsettum efnum til framleiðslu á plasti, stjórna vélum og tækjum til framleiðslu ýmissa íhluta og fullunninna vara úr plasti, sinna skyldum verkefnum.</p> <p><i>Dæmi um starfsheiti:</i> vélamaður við gervisvampframleiðslu, vélamaður við plastdósagerð, vélamaður við plastframleiðslu, vélamaður við plastpokagerð, vélamaður við plaströgerð</p> <p><i>Skyld störf sem flokkuð eru annars staðar:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> vélamaður við gosdrykkjagerð (8278)
	824		8240	<p>Störf vélafólks við trjávöruframleiðslu</p> <p>Störf vélafólks við trjávöruframleiðslu</p> <p>Störf í þessum flokki felast m.a. í að stjórna og fylgjast með sjálfvirkum og hálf sjálfvirkum vélum og tækjum, sem sett eru upp af sérhæfðum timburverkendum, við timburvinnslu s.s. sögun, borun og mótun, sinna skyldum verkefnum. Verkstjórn annarra starfsmanna getur falist í starfssviðinu.</p> <p><i>Dæmi um starfsheiti:</i> vélamaður við fúavörn, vélamaður við húsgagnaframleiðslu, vélamaður við rennibekk (trésmíðar), vélamaður við trjávöruframleiðslu</p> <p><i>Skyld störf sem flokkuð eru annars staðar:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> húsgagnasmiður (7422) timburverkandi við fúavörn (7421) trésmíður við rennibekk (7423)
	825		8251	<p>Störf vélafólks við prentun, bókband og pappírsvöruframleiðslu</p> <p>Vélafolk við prentun, bókband og pappírsvöruframleiðslu stjórna og fylgist með hvers kyns prent- og fjölföldunarvélum eða vélum sem binda og gylla bækur eða framleiða ýmsa muni úr pappír, pappa og skyldum efnum. Verkstjórn annarra starfsmanna getur falist í starfssviðinu.</p> <p>Störf vélgæslufólks við prentvélar</p> <p>Störf í þessum flokki felast m.a. í að stjórna og fylgjast með ýmsum gerðum prentvéla, sinna skyldum verkefnum.</p> <p><i>Dæmi um starfsheiti:</i> aðstoðarmaður við blaðaprentvél, aðstoðarmaður við prentun, starfsmaður við fjölríttun</p> <p><i>Skyld störf sem flokkuð eru annars staðar:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> prentari (7347) skrifstofumaður við ljósritun (4190)

			<p>8252</p>	<p>Störf vélgæslufólks við bókbandsvélar</p> <p>Störf í þessum flokki felast m.a. í að stjórna og fylgjast með vélum og tækjum sem binda inn bækur, stjórna og fylgjast með vélum og tækjum sem þrykkja letur og skraut á bókbönd, sinna skyldum verkefnum.</p> <p><i>Dæmi um starfsheiti:</i> aðstoðarmaður við bindivél, aðstoðarmaður við bókbandsvélsaum, aðstoðarmaður við brotvél, aðstoðarmaður við vélbókband</p> <p><i>Skyld störf sem flokkuð eru annars staðar:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • bókbindari (7345)
			<p>8253</p>	<p>Störf vélgæslufólks við pappírsvöruframleiðslu</p> <p>Störf í þessum flokki felast m.a. í að stjórna og fylgjast með vélum og tækjum sem framleiða ýmsar vörur úr pappír, pappa og skyldum efnum, stjórna og fylgjast með vélum og tækjum sem líma pappír á pappa, skera og brjóta pappír í öskjur, umslög, pappírspoka og kaffimál, sinna skyldum verkefnum.</p> <p><i>Dæmi um starfsheiti:</i> pappírsskurðarmaður, vélamaður við kassagerð, vélamaður við pappírspokagerð, vélamaður við umslagagerð</p> <p><i>Skyld störf sem flokkuð eru annars staðar:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • vélamaður við plastpokagerð (8323)
		<p>826</p>		<p>Störf vélafólks við textíl-, loðskinna- og leðurframleiðslu</p> <p>Vélafolk við textíl-, loðskinna- og leðurframleiðslu stjórna og fylgist með tækjum sem framleiða trefjar, garn og lopa, eða húðir og loðskinn og framleiða eða hreinsa fatnað eða loðskinn og leðurmuni. Verkstjórn annarra starfsmanna getur falist í starfssviðinu.</p>
			<p>8261</p>	<p>Störf vélafólks við trefja- og spunavélar</p> <p>Störf í þessum flokki felast m.a. í að stjórna og fylgjast með vélum og tækjum sem hreinsa, þvo og vinna textiltrefjar, garn og lopa, kemba, spinna og vinda þráð og garn, sinna skyldum verkefnum.</p> <p><i>Dæmi um starfsheiti:</i> vélamaður við spunavél, vélamaður við ullarhreinsun</p> <p><i>Skyld störf sem flokkuð eru annars staðar:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • kembari (7431) • spunakona (7432) • ullarflokkunarmaður (7431) • ullarmatsmaður (3152)

8262 Störf vélafólks við vefstóla og prjónavélar

Störf í þessum flokki felast m.a. í að stjórna og fylgjast með vélum og tækjum sem hnýta, prjóna og vefa fataefni, flíkur, myndvefnað, blúndur, teppi og sokka., sinna skyldum verkefnum.

Dæmi um starfsheiti:

vélamaður við kniplingagerð, vélamaður við netagerð, vélamaður við prjónavél, vélamaður við teppagerð, vélamaður við vefstól

Skyld störf sem flokkuð eru annars staðar:

- netagerðarmaður (7432)
- prjónakona við handprjón (7332)
- prjónakona við vélprjón (7432)

8263 Störf vélafólks við iðnaðarsaumavélar

Störf í þessum flokki felast m.a. í að stjórna og fylgjast með ýmsum gerðum saumavéla við framleiðslu eða viðgerð á fatnaði úr textíl, skinni eða leðri, sauma út mismunandi myndir og skraut á fatnað og annan vefnað, stjórna sníðavélum, sinna skyldum verkefnum.

Dæmi um starfsheiti:

saumakona við fjöldaframleiðslu fatnaðar, saumakona við rennilásavél, vélamaður við saumavél, vélamaður við útsaum

Skyld störf sem flokkuð eru annars staðar:

- saumakona við almenn saumastörf (7436)
- saumakona við sérsaum (7433)

8264 Störf vélafólks við bleiki-, litunar- og þvottavélar

Störf í þessum flokki felast m.a. í að stjórna og fylgjast með vélum og tækjum sem notuð eru við litun eða bleikjun á efni, garni eða fatnaði, hreinsa eða þurrhreinsa fatnað, leður eða skinn, meðhöndla efni, garn, leður eða skinn til að ná fram ákveðinni áferð, eiginleikum eða útliti, sinna skyldum verkefnum.

Dæmi um starfsheiti:

starfsmaður í fatahreinsun við vélþvott, starfsmaður í þvottahúsi við vélþvott, starfsmaður við strauvél, starfsmaður við vélþvott, starfsmaður við þurrhreinivél, starfsmaður við þvottavél, teppahreinsunarmaður, vélamaður við fatapressu, vélamaður við litun, vélamaður við þurrhreinsun

Skyld störf sem flokkuð eru annars staðar:

- starfsmaður í fatahreinsun við straujun (9133)
- þvottakona við handþvott (9133)
- þvottakona við handpressun (9133)

			<p>8265</p>	<p>Störf vélafólks við loðskinna- og leðurverkun</p> <p>Störf í þessum flokki felast m.a. í að stjórna og fylgjast með vélum og tækjum sem hreinsa og snyrta loðskinn fyrir verkun, stjórna vélum og tækjum við meðhöndlun skinnhúða og skinna og breyta þeim í leður, stjórna vélum og tækjum sem lita leður og skinn, sinna skyldum verkefnum.</p> <p><i>Dæmi um starfsheiti:</i> vélamaður við leðurframleiðslu, vélamaður við leðurlitun, vélamaður við loðskinnaverkun, vélamaður við sútun</p> <p><i>Skyld störf sem flokkuð eru annars staðar:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • sútari (7441)
			<p>8266</p>	<p>Störf vélafólks við skóframleiðslu</p> <p>Störf í þessum flokki felast m.a. í að stjórna vélum sem merkja skósníð og sníða leður og önnur efni fyrir skóframleiðslu, stjórna vélum sem sauma skóparta saman, sauma skraut á skó og kanta og pússa skó, stjórna vélum og tækjum við framleiðslu á ferðatöskum, handtöskum, beltum og öðrum fylgihlutum, stjórna vélum og tækjum sem sauma hnakka, söðla eða aktygi, sinna skyldum verkefnum.</p> <p><i>Dæmi um starfsheiti:</i> vélamaður við aktygjasmíði, vélamaður við skógerð, vélamaður við töskugerð</p> <p><i>Skyld störf sem flokkuð eru annars staðar:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • handíðamaður með leður og skyld efni (7332) • skósmíður (7442)
			<p>8269</p>	<p>Störf vélafólks við textíl-, loðskinna- og leðurframleiðslu ót.a.s.</p> <p>Hér skal flokka störf vélgæslufólks við textíl-, loðskinna- og leðurframleiðslu sem ekki er hægt að flokka annars staðar í <i>826 Véla- og vélgæslufólks við textíl-, loðskinna- og leðurframleiðslu</i>. Störf í þessum flokki felast m.a. í að stjórna og fylgjast með vélum og tækjum við framleiðslu hatta og ýmissa smáhluta úr textíl, skinnum og leðri s.s. bryddingar og líningar, sinna skyldum verkefnum.</p> <p><i>Dæmi um starfsheiti:</i> vélamaður við hattagerð, vélamaður við kaðlagerð, vélamaður við sniðskurð</p> <p><i>Skyld störf sem flokkuð eru annars staðar:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • hattagerðarmaður (7433) • sniðgerðarmaður (7435)
	<p>827</p>			<p>Störf vélafólks við matvælaframleiðslu</p> <p>Véla- og vélgæslufólks stjórnar og fylgist með vélum í matvælaframleiðslu fyrir menn og skepnur. Verkstjórn annarra starfsmanna getur falist í starfssviðinu.</p>

			<p>8271</p>	<p>Störf vélafólks við kjötvinnslu</p> <p>Störf í þessum flokki felast m.a. í að stjórna vélum og tækjum við slátrun dýra, stjórna vélum og tækjum sem skera, hakka, reykja og sjóða kjöt og kjötvörur, stjórna og fylgjast með vélum og tækjum sem notuð eru til að laga mat til niðursuðu, frystingar eða beint til neyslu, sinna skyldum verkefnum.</p> <p><i>Dæmi um starfsheiti:</i> tækjamaður við hraðfrystingu á kjöti, vélamaður í matvælaframleiðslu, vélamaður við kjöt-skurð, vélamaður við kjötvinnslu, vélamaður við niðurlagningu kjötvara, vélamaður við niðurlagningu matvæla</p> <p><i>Skyld störf sem flokkuð eru annars staðar:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • kjötiðnaðarmaður (7411) • sérhæfður fiskvinnslumaður (7419) • sérhæfður starfsmaður í kjötvinnslu (7411) • slátrari (7411) • vélamaður við fiskvinnslu (8279) • vélamaður við vélþökkun í kjötiðnaði (8290)
			<p>8272</p>	<p>Störf vélafólks við mjólkurvinnslu</p> <p>Störf í þessum flokki felast m.a. í að stjórna og fylgjast með vélum og tækjum við framleiðslu á mjólk og mjólkurafurðum s.s. við gerilsneyðingu, stjórna vélum og tækjum við framleiðslu á smjöri, ostum, jógúrti, skyri og öðrum mjólkurafurðum, stjórna vélum og tækjum sem framleiða mjólkurduft, sinna skyldum verkefnum.</p> <p><i>Dæmi um starfsheiti:</i> vélamaður við gerilsneyðingu mjólkur, vélamaður við mjólkurátöppun, vélamaður við smjörlíkisgerð</p> <p><i>Skyld störf sem flokkuð eru annars staðar:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • mjólkurbílstjóri (8324) • mjólkurfræðingur (7413) • mjólkurverkfræðingur (2146) • vélamaður við vélþökkun í mjólkuriðnaði (8290)
			<p>8273</p>	<p>Störf vélafólks við korn- og kryddmyllur</p> <p>Störf í þessum flokki felast m.a. í að stjórna og fylgjast með vélum og tækjum við framleiðslu og vinnslu á hveiti, korni, mjöli og hrisgrjónum, stjórna mölunar- og kryddblöndunarvélum, sinna skyldum verkefnum.</p> <p><i>Dæmi um starfsheiti:</i> malari, vélamaður við fódurblöndun, vélamaður við kornmölun, vélamaður við kryddblöndun</p> <p><i>Skyld störf sem flokkuð eru annars staðar:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • vélamaður við kornþökkun (8290)

8274

Störf vélafólks við brauð-, korn- og súkkulaðigerð

Störf í þessum flokki felast m.a. í að stjórna vélum og tækjum sem blanda hveiti og mjöli við önnur efni við framleiðslu á brauði, pasta, sætabrauði og slíku, stjórna vélum og tækjum sem fletja og móta deig við framleiðslu á brauði, sætabrauði, deigi og slíku, stjórna bökunarofnum, stjórna vélum við framleiðslu á kornmeti t.d. morgunkorni, stjórna vélum og tækjum við framleiðslu á konfekt, súkkulaði og sælgæti, sinna skyldum verkefnum.

Dæmi um starfsheiti:

vélamaður við brauðgerð, vélamaður við konfektgerð, vélamaður við kökugerð, vélamaður við súkkulaðigerð, vélamaður við sælgætisgerð

Skyld störf sem flokkuð eru annars staðar:

- bakari (7412)
- sælgætisgerðarmaður (7412)
- vélamaður við brauðþökkun (8290)

8275

Störf vélafólks við ávaxta-, grænmetis- og hnetuvinnslu

Störf í þessum flokki felast m.a. í að stjórna vélum og tækjum sem vinna vökva úr ávöxtum og grænmeti með hitun eða pressun, stjórna vélum og tækjum sem pressa og hreinsa olíu úr hnetum og fræjum, stjórna vélum og tækjum við framleiðslu á smjörlíki og svip-uðum afurðum úr dýrafitu og grænmetisolíum, stjórna vélum og tækjum sem vinna ávexti, grænmeti og hnetur til frekari vinnslu, stjórna tækjum sem þurrka, matreiða, sjóða niður og frysta ávexti, grænmeti og hnetur, sinna skyldum verkefnum.

Dæmi um starfsheiti:

vélamaður við átöppun ávaxtasafa, vélamaður við átöppun matarolíu, vélamaður við ávaxtapressu, vélamaður við ávaxtasafagerð, vélamaður við grænmetispressu, vélamaður við niðurlagningu ávaxta, vélamaður við niðurlagningu grænmetis, vélamaður við niðursuðu ávaxta,

Skyld störf sem flokkuð eru annars staðar:

- sérhæfður starfsmaður við niðurlagningu ávaxta (7414)
- sérhæfður starfsmaður við niðurlagningu grænmetis (7414)

8276

Störf vélafólks við sykurvöruframleiðslu

Störf í þessum flokki felast m.a. í að stjórna vélum og tækjum sem kremja sykur úr sykurreyr eða pressa vökva úr sykurrofum, stjórna tækjum sem hreinsa sykrur og sykurrísta alla úr heitum bráðnuðum sykri, stjórna tækjum sem hreinsa sykurrófur og sykurreyr, stjórna vélum og tækjum sem vinna sykur úr hlyn, pálma og öðrum jurtagundum, stjórna vélum og tækjum sem framleiða hunang, sinna skyldum verkefnum.

Dæmi um starfsheiti:

vélamaður við sykurgerð

Skyld störf sem flokkuð eru annars staðar:

- vélamaður við sykurþökkun (8290)

			<p>8277</p>	<p>Störf vélafólks við te-, kaffi- og kakóvinnslu</p> <p>Störf í þessum flokki felast m.a. í að stjórna vélum og tækjum sem þurrka, rúlla og blanda saman mismunandi tegundum telaufa, stjórna vélum og tækjum sem skera og verka kaffi- og kakóbaunir s.s. fjarlægja og hreinsa burt hýði, stjórna kaffi- og kakóbrennsluvélum, stjórna kaffimölnarvélum, sinna skyldum verkefnum.</p> <p><i>Dæmi um starfsheiti:</i> vélamaður við kaffibrennslu, vélamaður við kaffiframleiðslu, vélamaður við kakóbrennslu, vélamaður við kakóframleiðslu, vélamaður við teframleiðslu</p> <p><i>Skyld störf sem flokkuð eru annars staðar:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • vélamaður við kaffipökkun (8290) • vélamaður við súkkulaðigerð (8274)
			<p>8278</p>	<p>Störf vélafólks við öl- og víngerð</p> <p>Störf í þessum flokki felast m.a. í að stjórna vélum og tækjum við framleiðslu á öli og víni, stjórna gerjunar- og eimingartækjum, stjórna vélum og tækjum við vínblöndun, stjórna vélum og tækjum við framleiðslu óáfengra drykkja nema ávaxta- og grænmetissafa, sinna skyldum verkefnum.</p> <p><i>Dæmi um starfsheiti:</i> bruggari, vélamaður við gosdrykkjagerð</p> <p><i>Skyld störf sem flokkuð eru annars staðar:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • vélamaður við ávaxtasafagerð (8275) • vélamaður við vélpökkun (8290) • vínsmakkari (7415)
			<p>8279</p>	<p>Störf vélafólks við fiskiðnað</p> <p>Störf í þessum flokki felast m.a. í að stjórna vélum og tækjum við fiskvinnslu s.s. hausunarvélum, flökunarvélum, roðflettivélum og söltunarvélum, stjórna vélum og tækjum sem skera fisk í staðlaðar stærðir, stjórna frystitækjum í fiskvinnslu, sinna skyldum verkefnum.</p> <p><i>Dæmi um starfsheiti:</i> baadermaður, tækjamaður við frystitæki í fiskvinnslu, umsjónarmaður fiskvinnsluvéla, vélamaður í fiskvinnslu, vélamaður við roðflettivél, vélamaður við vélsöltun, vélflakari, vélflatningarmaður, vélamaður við hausunarvél, verkstjóri í frystihúsi (aðallega við framleiðslustörf)</p> <p><i>Skyld störf sem flokkuð eru annars staðar:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • sérhæfður fiskvinnslumaður (7419) • handflakari (7419)

828

Störf samsetningarfólks

8280

Störf við samsetningu

Störf í þessum flokki felast m.a. í að setja saman hluti úr ýmsum efnum í endanlegar framleiðsluvörur eftir nákvæmri forskrift, setja saman vélarhluti, farartæki, rafmagnstæki, raf-eindatæki, ýmsa hluti úr málm, gúmmí og plasti t.d. leikföng, íþróttavörur og hjól, ýmsar vörur úr timbri eða við, pappa, textíl eða leðri, sinna skyldum verkefnum. Verkstjórn annarra starfsmanna getur falist í starfssviðinu.

✍ Athugasemd

Samsetningarvinnan getur falist í því að varan sem verið er að setja saman fari frá einum starfsmanni til annars eða sami starfsmaður setji allan hlutinn saman á færiband.

Dæmi um starfsheiti:

samsetningarmaður við færiband, samsetningarmaður við gúmmíframleiðslu, samsetningarmaður við leðurframleiðslu, samsetningarmaður við leikfangagerð, samsetningarmaður við málmframleiðslu, samsetningarmaður við pappaframleiðslu, samsetningarmaður við plastframleiðslu, samsetningarmaður við rafeindatæki, samsetningarmaður við rafmagnstæki, samsetningarmaður við textílframleiðslu, samsetningarmaður við vélar

Skyld störf sem flokkuð eru annars staðar:

- sérhæfður fiskvinnslumaður við færiband (7419)
- vélamaður við súkkulaðigerð (8274)

829

Störf annars samsetningar- og vélafélks

8290

Störf vélafélks við þökkun, merkingu og samsetningu

Störf í þessum flokki felast m.a. í að pakka inn mismunandi framleiðsluvörum þar á meðal ýmsum tegundum vökva til geymslu eða flutnings, stjórna vélum og tækjum sem merkja eða verðstimpla framleiðsluvörur, setja saman vörur samkvæmt nákvæmum fyrirmælum, aðrar en þær sem falla undir flokk 8280 *Störf við samsetningu*, sinna skyldum verkefnum. Verkstjórn annarra starfsmanna getur falist í starfssviðinu.

Dæmi um starfsheiti:

leiktækjastjóri, ósérhæfð fiskvinnslukona við vélmerkingu, ósérhæfð fiskvinnslukona við vélþökkun, ósérhæfður fiskvinnslumaður við vélmerkingu, ósérhæfður fiskvinnslumaður við vélþökkun, ósérhæfð fiskvinnslukona við vörumerkingu, ósérhæfður fiskvinnslumaður við vörumerkingu, vegmerkingarmaður, vélamaður við brauðþökkun, vélamaður við kaffiþökkun, vélamaður við kornþökkun, vélamaður við smurningu á smurstöð, vélamaður við sykruþökkun, vélamaður við vélmerkingu, vélamaður við vélþökkun,

Skyld störf sem flokkuð eru annars staðar:

- lagermaður við burð og stöflun (9330)
- verkamaður við flutninga (9330)
- verkamaður við þökkun án véla (9322)

83

Störf bílstjóra og stjórnenda vélknúinna ökutækja

Bílstjórar og stjórnendur vélknúinna ökutækja aka og sjá um ökutæki, stjórna og gæta vinnuvéla og landbúnaðartækja og annars slíks búnaðar, vinna á þilfari um borð í farskipum og öðrum fljótandi farartækjum.

		832		<p>Störf bílstjóra</p> <p>Bílstjórar aka og sjá um vélknúin ökutæki til flutnings á aðföngum, vörum og farpegum. Verkstjórn annarra starfsmanna getur falist í starfssviðinu.</p>
		8321		<p>Stjórnendur vélhjóra</p> <p>Störf í þessum flokki felast m.a. í að flytja efni, vörur og farþega á bifhjólum, sinna skyldum verkefnum.</p> <p><i>Dæmi um starfsheiti:</i> stjórnandi bifhjóls, sendill á bifhjóli</p> <p><i>Skyld störf sem flokkuð eru annars staðar:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • sendill (fótgangandi) (9151) • sendill á bíl (8322) • sendill á reiðhjóli (9330)
		8322		<p>Bílstjórar einka-, leigu- og sendibifreiða</p> <p>Störf í þessum flokki felast m.a. í að aka og stjórna leigubifreiðum, sendibifreiðum og smærri bifreiðum við flutninga og afhendingu á vörum eða pósti, sinna skyldum verkefnum.</p> <p><i>Dæmi um starfsheiti:</i> einkabílstjóri, leigubílstjóri, pítsasendill, póstbílstjóri, ráðherrabílstjóri, sendibílstjóri, sendill á bíl</p> <p><i>Skyld störf sem flokkuð eru annars staðar:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • flutningabílstjóri (8324) • rútabílstjóri (8323)
		8323		<p>Bílstjórar langferða- og áætlunarbifreiða</p> <p>Störf í þessum flokki felast m.a. í að aka og stjórna rútum, strætisvögnum og öðrum farþegaflutningatækjum, flytja vörur og póst milli staða innanbæjar eða utan, sinna skyldum verkefnum.</p> <p><i>Dæmi um starfsheiti:</i> langferðabílstjóri, rútabílstjóri, skólabílstjóri, strætisvagnabílstjóri</p> <p><i>Skyld störf sem flokkuð eru annars staðar:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • leigubílstjóri (8322) • póstbílstjóri (8322) • þungaflutningabílstjóri (8324)

			<p>8324</p>	<p>Bílstjórar vöru- og flutningabifreiða</p> <p>Störf í þessum flokki felast m.a. í að aka þungaflutningabílum, vörubílum og öðrum slíkum bílum við flutning á vörum, vökva eða þungum efnum, lengri eða styttri vegalengdir, sinna skyldum verkefnum.</p> <p><i>Dæmi um starfsheiti:</i> bílstjóri flutningabifreiðar með frystibúnað, bílstjóri flutningabifreiðar með hitabúnað, bílstjóri flutningabifreiðar með kælibúnaði, bílstjóri flutningabifreiðar með tengibúnað, bílstjóri gámaflutningabíls, dráttarbílstjóri, flutningabílstjóri, mjólkurbílstjóri, olíubílstjóri, sorphreinsunarbílstjóri, vörubílstjóri, þungaflutningabílstjóri</p> <p><i>Skyld störf sem flokkuð eru annars staðar:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • bílstjóri sópbíls (8332) • gatnahreinsunarbílstjóri (8332) • stjórnandi malbikunarvélar (8332)
		<p>833</p>		<p>Störf landbúnaðar- og vinnuvélastjóra</p> <p>Landbúnaðar- og vinnuvélastjórar aka, hirða um, stjórna og fylgjast með landbúnaðarvélum og öðrum tækjum og búnaði til að fást við efni og þunga hluti. Verkstjórn annarra starfsmanna getur falist í starfssviðinu.</p>
			<p>8331</p>	<p>Stjórnendur landbúnaðar- og skógvinnsluvéla</p> <p>Störf í þessum flokki felast m.a. í að aka og stjórna traktorum, plógum, uppskeruvélum, baggabindivélum og öðrum slíkum vélum í landbúnaði eða skógrækt, sinna skyldum verkefnum.</p> <p><i>Dæmi um starfsheiti:</i> dráttarvélarstjóri, stjórnandi baggabindivélar, stjórnandi garðsláttuvélar, stjórnandi landbúnaðartækis, stjórnandi skógvinnsluvélar, stjórnandi uppskeruvélar, vélamaður við þörunaganám</p> <p><i>Skyld störf sem flokkuð eru annars staðar:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • gröfustjóri (8332) • mjólkurbílstjóri (8324)
			<p>8332</p>	<p>Stjórnendur jarðvinnuvéla</p> <p>Störf í þessum flokki felast m.a. í að aka, stjórna og fylgjast með skurðgröfum eða þungavinnuvélum við niðurrif húsa og bygginga, stjórna vélum og tækjum sem grafa fyrir holræsa-, frárennslis-, vatns-, olíu- eða gaslögnum, stjórna og fylgjast með jarðýtum eða öðrum tækjum sem ýta og færa til jarðveg, snjó eða sand, stjórna og fylgjast með vélum og tækjum sem fjarlægja sand, jarðveg og leir af götum og gangstéttum eða úr sjó eða vötnum, stjórna vélum eða tækjum sem slá og hamra stólpa úr járn, steinsteypu eða tré niður í jörðina, stjórna ýmsum gerðum valtara sem þjappa jarðveg og sand m.a. við lagningu vega og gangstétta, stjórna og fylgjast með vélum sem dreifa og slétta steinsteypu, tjöru eða biki við lagningu gatna, sinna skyldum verkefnum.</p> <p><i>Dæmi um starfsheiti:</i> bílstjóri sópbíls, bílstjóri vatnsdælubíls, gatnahreinsunarbílstjóri, gröfustjóri, gröfustjóri í námu, jarðýtustjóri, skurðgröfustjóri, stjórnandi gröfu, stjórnandi jarðvinnutækis, stjórnandi malbikunarvélar, stjórnandi snjóruðningstækis, stjórnandi valtara, stjórnandi veghefils, veghefilsstjóri, vélamaður á malbikunarvél</p> <p><i>Skyld störf sem flokkuð eru annars staðar:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • vörubílstjóri (8324)

			<p>8333</p>	<p>Stjórnendur krana og lyftitækja</p> <p>Störf í þessum flokki felast m.a. í að stjórna og fylgjast með föstum eða hreyfanlegum krönum með áfastri bómu eða fokku, stjórna og fylgjast með lyftubúnaði á byggingastað eða í námum, stjórna og fylgjast með skíðalyftum og líkum tækjum, stjórna og fylgjast með vélum og tækjum sem draga ferjur eða pramma yfir skurði eða ár, stjórna og fylgjast með tæknibúnaði sem notaður er til að lyfta og loka brúm vegna vega- eða vatnaumferðar, sinna skyldum verkefnum.</p> <p><i>Dæmi um starfsheiti:</i> kranamaður, kranastjóri á byggingarkrana, kranastjóri á gámakrana, lyftumaður við skíðalyftu</p> <p><i>Skyld störf sem flokkuð eru annars staðar:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> lyftuvörður (9151)
			<p>8334</p>	<p>Stjórnendur lyftara</p> <p>Störf í þessum flokki felast m.a. í að aka, stjórna og fylgjast með lyfturum sem flytja, lyfta og hlaða vörupallettur á flugstöðvum, höfnum, vöruhúsum, verksmiðjum og öðrum stöðum, sinna skyldum verkefnum.</p> <p><i>Dæmi um starfsheiti:</i> lagermaður á lyftara, lyftarastjóri, pakkhúsmaður á lyftara, stjórnandi lyftara, vinnuvélstjóri á lyftara</p> <p><i>Skyld störf sem flokkuð eru annars staðar:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> verkamaður við burð og stöflun (9330)
		<p>834</p>		<p>Störf háseta og bátsmanna á farskipum og vitavarða</p>
			<p>8340</p>	<p>Störf háseta og bátsmanna á farskipum og vitavarða</p> <p>Störf í þessum flokki felast m.a. í að sinna skyldustörfum á skipsdekki öðrum en fiskiskipum, standa varðstöður á hafi úti og í höfn, stýra skipi samkvæmt fyrirmælum skipstjóra eða stýrimanns, festa landfestar, annast viðhalda og í sumum tilfellum gera við tæki um borð, farmfestingar, björgunarbáta og slökkvibúnað um borð, hreinsa, mála og halda við skipi og búnaði á dekki, stjórna og halda við vitaljósum, sinna skyldum verkefnum. Verkstjórn annarra starfsmanna getur falist í starfinu.</p> <p><i>Dæmi um starfsheiti:</i> bátismaður á farskipi, háseti á farskipi, vitavörður</p> <p><i>Skyld störf sem flokkuð eru annars staðar:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> aðstoðarmaður vitavarðar (9330) bátismaður á fiskiskipi stærri en 12 rúmlestir (6223) háseti á fiskiskipi stærri en 12 rúmlestir (6223)

9

ÓSÉRHÆFÐ STÖRF

Ósérhæft starfsfólk vinnur oft einföld og vanabundin störf sem krefjast yfirleitt ekki sérhæfingar né sérstakrar menntunar og krefjast oft notkunar handverkfæra og nokkurs líkamlegs erfiðis. Verkefni í þessum bálki felast m.a. í að selja vörur og þjónustu á götum og torgum, þvo, hreinsa og pressa, annast þrif og umhirðu fjölbylishúsum, hótélum, skrifstofum og öðrum byggingum, þvo glugga og glerveggi í byggingum, afhenda vörur og flytja skilaboð, bera vörur og farangur, gæta dyra og eigna, fylla sjálfsala, lesa af og tæma stöðumæla, vinna ýmis einföld störf í byggingariðnaði, landbúnaði og iðnaði, við mannvirkjagerð, fiskveiðar, námavinnu og veiðar, vinna einföld samsetningarstörf, pakka í höndum, hlaða og afferma vöruflutningatæki og vörugeymslur, stjórna fótknúnum eða handstýrðum ökutækjum við flutning fólks eða vara, stjórna ökutækjum og vélum sem dregin eru af dráttardýrum. Verkstjórn annarra starfsmanna getur falist í starfinu. Til starfa í þessum bálki eru oftast gerðar kröfur um kunnáttu samkvæmt fyrsta kunnáttustigi ÍSTARF95 2. útgáfa.

91

Störf verkafólk við sölu- og þjónustustörf

Verkafólk við sölu- og þjónustustörf gegnir aðallega störfum í tengslum við sölu á torgum úti eða við ræstingu, vöktun og umhirðu eigna, sendlastörf eða farangursburð.

911

Störf götusala

9111

Störf götusala

Störf í þessum flokki felast m.a. í að selja ýmsar vörur á götum úti, torgum eða öðrum stöðum opnum almenningi þar sem ekki er krafist sérstaks leyfis til sölu vörunnar, selja mat eða drykki gegn staðgreiðslu, selja dagblöð, sinna skyldum verkefnum. Verkstjórn annarra starfsmanna getur falist í starfssviðinu.

Dæmi um starfsheiti:

blaðasali, götusali

Skyld störf sem flokkuð eru annars staðar:

- pylsusali (5230)
- sætavísa (9152)
- sölumaður á útimarkaði (5230)

912

Störf skóburstara og annarra við götuþjónustu

9120

Störf skóburstara og annarra við götuþjónustu

Störf í þessum flokki felast m.a. í að bursta skó á almannafæri, þvo bílrúður við gatnamót, sinna skyldum verkefnum. Verkstjórn annarra starfsmanna getur falist í starfssviðinu.

Dæmi um starfsheiti:

bílrúðupvottamaður, skóburstari

Skyld störf sem flokkuð eru annars staðar:

- bílapvottamaður (9140)
- blaðasali (9110)
- gluggapvottamaður (9140)
- götusali (9110)
- pylsusali (5230)

		913	<p>Störf vinnufólks, ræstingarfólks og verkafólks í þvottahúsum</p> <p>Vinnufólk, ræstingarfólk og verkafólk í þvottahúsum sinnir ýmsum störfum á einkaheimilum, hótélum, skrifstofum, sjúkrahúsum og öðrum stofnunum, svo og í flugvélum, ferjum og öðrum almenningsfarartækjum við að halda húsbúnaði og öðru hreinu, eða það vinnur við handþvott og pressun. Verkstjórn annarra starfsmanna getur falist í starfssviðinu.</p> <p>9131 Störf vinnu- og ræstingarfólks á heimilum</p> <p>Störf í þessum flokki felast m.a. í að sópa eða ryksuga, að hirða um lín, þvo og bóna gólf, húsgögn og aðra hluti, búa um rúm, kaupa inn matvöru, aðstoða við hvers kyns eldhúsvörk eða elda og reiða fram mat og hressingu, sinna skyldum verkefnum.</p> <p><i>Dæmi um starfsheiti:</i> heimilishjálpari við ræstingu, heimilisþjónustumaður, matselja á einkaheimili, ræstingarkona á heimili, ræstir, vinnukona á einkaheimili</p> <p><i>Skyld störf sem flokkuð eru annars staðar:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • matráðskona (5122) • ráðskona (5121) • ræstingarkona í fyrirtæki (9132) • ræstir (9132) • starfsmaður við umönnun á einkaheimili (5133) • þvottakona við handþvott (9133) <p>9132 Störf ræstingarfólks í fyrirtækjum og stofnunum og aðstoðarfólks í mótuneytum</p> <p>Störf í þessum flokki felast m.a. í að, þrifa, þvo og bóna gólf, húsgögn og annan fastan búnað í byggingum öðrum en einkaheimilum, áætlunarbílum og flugvélum, búa um rúm, þrifa baðherbergi, skipta um lín, sápur og annað slíkt, þrifa eldhús og hjálpa við almenn störf í eldhúsum s.s. uppþvott, sinna skyldum verkefnum.</p> <p><i>Dæmi um starfsheiti:</i> aðstoðarmaður á kaffistofu, aðstoðarmaður í eldhúsi, aðstoðarmaður í mótuneyti, herbergisþjónustumaður, kaffiselja, kaffiþjónustumaður, liðléttingur, messadrengur, ræstingarkona í fyrirtæki, ræstingarmaður í fyrirtæki, ræstir, ræstitæknir, skúringakona, starfsmaður í býtibúri, starfsmaður við uppþvott</p> <p><i>Skyld störf sem flokkuð eru annars staðar:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • götusópari (9162) • matráðskona (5122) • þvottakona við handþvott (9133) • vaktmaður (9152) • vinnukona á einkaheimili (9131)
--	--	-----	---

		9133	<p>Störf við handþvott og pressun</p> <p>Störf í þessum flokki felast m.a. í að þvo og pressa þvott í höndum eða með notkun einfaldra tækja í þvottahúsum og hreinsunum, sinna skyldum verkefnum.</p> <p><i>Dæmi um starfsheiti:</i> pressari, starfsmaður í fatahreinsun við handþvott, starfsmaður í þvottahúsi við handþvott, starfsmaður í fatahreinsun við straujun, þvottakona við handþvott</p> <p><i>Skyld störf sem flokkuð eru annars staðar:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • starfsmaður í fatahreinsun við strauvél (8264) • starfsmaður í fatahreinsun við þurrhreinsivél (8264) • starfsmaður í fatahreinsun við vélþvott (8264) • starfsmaður í þvottahúsi við vélþvott (8264) • vélamaður við fatapressu (8264) • vélamaður við þurrhreinsun (8264) • vinnukona á einkaheimili (9131)
	914	9142	<p>Störf glugga- og bílaþvottafólks</p> <p>Störf við glugga- og bílaþvott</p> <p>Störf í þessum flokki felast m.a. í að þrifa, þvo og bóna bíla, gáma og önnur farartæki, þvo og þússa glugga, gler og glerveggi, sinna skyldum verkefnum. Verkstjórn annarra starfsmanna getur falist í starfssviðinu.</p> <p><i>Dæmi um starfsheiti:</i> bílaþvottamaður, gámaþvottamaður, gluggaþvottamaður</p> <p><i>Skyld störf sem flokkuð eru annars staðar:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • byggingarþvottamaður (7143) • sandblásari (hús) (7143) • sótari (7143)
	915	9151	<p>Störf sendla, burðarfólks og dyravarða</p> <p>Sendlar, burðarfólk, dyraverðir og aðrir við skyld störf fara í sendiferðir með skilaboð eða vörur, bera farangur, gæta bifreiðastæða og vakta byggingar til að koma í veg fyrir óviðkomandi aðgang, þjófnað eða bruna, vísa til sætis, tæma sjálfsala eða lesa af rafmagns- eða vatnsmælum. Verkstjórn annarra starfsmanna getur falist í starfssviðinu.</p> <p>Störf sendla og burðarfólks</p> <p>Störf í þessum flokki felast m.a. í að fara fótgangandi í sendiferðir og afhenda skilaboð, bréf, pakka og aðrar vörur innan fyrirtækis eða milli fyrirtækja, bera út póst, bera farangur t.d. á flugvöllum, hótélum eða á golfvöllum, gæta og stjórna lyftum í fyrirtækjum eða stofnunum, sinna skyldum verkefnum.</p> <p><i>Dæmi um starfsheiti:</i> blaðberi, burðardrengur, burðarmaður á hóteli, burðarmaður við vöruútkeyrslu, kylfu-sveinn, lyftuvörður, sendiboði, sendill (fótgangandi), sendisveinn, vikapiltur, vikastúlka</p> <p><i>Skyld störf sem flokkuð eru annars staðar:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • bréfberi (4142) • dyravörður (9152) • umsjónarmaður fasteigna (5164) • sendill á bifhjóli (8321) • sendill á bíl (8322)

			<p>9152</p>	<p>Störf dyravarða og vaktmanna</p> <p>Störf í þessum flokki felast m.a. í að sinna dyravörslu í fyrirtækjum eða stofnunum, annast gæslu á bílastæðum eða almenningssalernum, gæta og vakta hús og aðrar eignir, vísa fólki til vegar eða til sætis, taka á móti aðgöngumiðum á leiksýningar og aðrar sýningar, sitja yfir í prófum, sinna skyldum verkefnum.</p> <p><i>Dæmi um starfsheiti:</i> alþingisvörður, dyravörður, gæslumaður á safni, gæslumaður í fyrirtæki, gæslumaður í ráðuneyti, gæslumaður í sýningarsal, gæslumaður íþróttavallar, gangavörður, gangbraut- arvörður, næturvörður, prófgæslumaður, prófyfirsetumaður, salernisvörður, starfsmaður í fatahengi, stæðisvörður, sætavísa, umsjónarmaður í sundlaug, vaktmaður, vaktmaður á safni, vaktmaður í íþróttahúsi, öryggisvörður</p> <p><i>Skyld störf sem flokkuð eru annars staðar:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • baðvörður (5169) • dómvörður (5169) • forstöðumaður í íþróttahúsi (5169) • gæslumaður á geðdeild (5169) • húsvörður (5164) • lífvörður (5169) • réttargæslumaður (5163) • starfsmaður í íþróttahúsi (5169) • svæðisvörður (5169)
			<p>9153</p>	<p>Störf mælaálesara og starfsfólks við sjálfsala</p> <p>Störf í þessum flokki felast m.a. í að fylla á sjálfsala og tæma peninga úr þeim, lesa af veitumælum, fylgjast með stöðumælum og sekta ef þarf, tæma stöðumæla, sinna skyldum verkefnum.</p> <p><i>Dæmi um starfsheiti:</i> mælaálesari, starfsmaður við áfyllingu sjálfsala, starfsmaður við tæmingu stöðumæla, stöðumælavörður, veðurathugunarmaður</p> <p><i>Skyld störf sem flokkuð eru annars staðar:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • húsvörður (9152)
		<p>916</p>		<p>Störf götu- og sorphreinsunarmanna</p> <p>Sorphreinsunarmenn og aðrir við skyld störf sjá um að hirða sorp frá byggingum, gördum og götum eða halda götum og öðru umhverfi hreinu. Verkstjórn annarra starfsmanna getur falist í starfssviðinu.</p>

92		<p>9161</p> <p>Störf við sorphreinsun</p> <p>Störf í þessum flokki felast m.a. í að hirða og fjarlægja sorp frá byggingum, görðum, götum og öðrum opinberum stöðum og koma því á urðunarstað, taka á móti sorpi og öðrum úrgangi og koma því fyrir í stærri gámum, sinna skyldum verkefnum.</p> <p><i>Dæmi um starfsheiti:</i> flokksstjóri við sorphirðu, sorphreinsunarmaður, starfsmaður í sorphreinsunarstöð, starfsmaður við móttöku á rusli, verkamaður við sorphirðu, yfirflokksstjóri við sorphirðu</p> <p><i>Skyld störf sem flokkuð eru annars staðar:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • götusópari (9162) • sorpflokkunarmaður (9321) • sorphreinsunarbílstjóri (8324) • verkamaður við sorpmóttöku (9321) • verkamaður við sorpbrennslu (8163) • verkamaður við sorpurðun (9321) • vélamaður við sorpbrennslu (8163) 	
		<p>9162</p> <p>Störf sópara</p> <p>Störf í þessum flokki felast m.a. í að sópa og hreinsa stræti, torg og bílastæði, moka og hreinsa burt snjó, sópa gólf, ganga og sali í byggingum, sinna skyldum verkefnum.</p> <p><i>Dæmi um starfsheiti:</i> flokksstjóri við lóða- og götuhreinsun, götusópari, starfsmaður í unglíngavinnu (aðallega við lóða- og götuhreinsun), verkamaður við lóðahreinsun, yfirflokksstjóri við lóða- og götuhreinsun</p> <p><i>Skyld störf sem flokkuð eru annars staðar:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • sorphreinsunarmaður (9161) 	
	921		<p>Störf verkafólks í landbúnaði, fiskveiðum og skyldum greinum</p> <p>Verkafólk í landbúnaði, fiskveiðum og skyldum greinum gegnir aðallega einföldum og einhæfum störfum við landbúnað, skógrækt, fiskveiðar og aðrar veiðar sem fela í sér notkun einfaldra handverkfæra og oft töluvert líkamlegt erfiði.</p> <p>Störf verkafólks í landbúnaði, fiskveiðum og skyldum greinum</p> <p>Verkafólk í landbúnaði, fiskveiðum og skyldum greinum vinnur einföld og einhæf verk sem fela í sér notkun einfaldra handverkfæra og oft töluvert líkamlegt erfiði. Verkstjórn annarra starfsmanna getur falist í starfssviðinu.</p>

9211

Störf verkafólks í garðyrkju og landbúnaði

Störf í þessum flokki felast m.a. í að grafa, moka, hlaða, afferma, stafla, raka og reka niður staura, dreifa áburði, vökva, reyta illgresi, tína ávexti, grænmeti, blóm og ýmsar jurtir, aðstoða við að planta og uppskera, fódra dýr, hreinsa gripahús og bújörð, sinna skyldum verkefnum.

Dæmi um starfsheiti:

fjósamaður, flokksstjóri við garðyrkju, landbúnaðarverkamaður, sláttumaður, smali, umsjónarmaður skólagarða, starfsmaður í unglingavinnu (aðallega við garðyrkju), verkamaður í landbúnaði, verkamaður við akuryrkju, verkamaður við garðyrkju, verkamaður við handsláttuvél, verkamaður við umhirðu dýra, vinnumaður í landbúnaði, vinnumaður við kartöflutínglu, yfirflokksstjóri í garðyrkju

Skyld störf sem flokkuð eru annars staðar:

- akuryrkjubóndi (6111)
- garðyrkjubóndi (6113)
- kvikfjárboðndi (6121)
- stjórnandi á landbúnaðarvél (8331)
- stjórnandi á uppskeruvél (8331)

9212

Störf verkafólks í skógrækt

Störf í þessum flokki felast m.a. í að grafa holur við gróðursetningu trjáa, aðstoða við gróðursetningu trjáa, stafla trjábolum og viði, uppræta lággróður í skóglendi, sinna skyldum verkefnum.

Dæmi um starfsheiti:

skógarhöggumaður, verkamaður við skógrækt

Skyld störf sem flokkuð eru annars staðar:

- skógræktarbóndi (6140)
- skógræktarmaður (6140)
- stjórnandi skógvinnsluvélar (8331)

9213

Störf verkafólks við fiskeldi, hafbeit og veiðar

Störf í þessum flokki felast m.a. í að hreinsa sjávarbotn og gegna öðrum einföldum störfum í sambandi við vatna- og sjávarbúskap, fódra sjávardýr í fiskeldis- og hafbeitarstöðvum, safna sjávargróðri, skeljum og öðrum lindýrum, grafa holur, setja upp gildrur, vakta og gegna einföldum störfum í tengslum við dýra- og fuglaveiðar, sinna skyldum verkefnum.

Dæmi um starfsheiti:

aðstoðarmaður veiðimanns, aðstoðarmaður við veiðar, verkamaður í fiskeldisstöð, verkamaður í hafbeitarstöð

Skyld störf sem flokkuð eru annars staðar:

- fiskeldisbóndi (6151)
- fuglaveiðimaður (6154)
- refaskytta (6154)
- sérhæfður starfsmaður í fiskeldisstöð (6151)
- sérhæfður starfsmaður í hafbeitarstöð (6151)
- skeldýrabóndi (6151)
- vélamaður við þörunganáám (8331)

93

931

Störf verkafólks í iðnaði, fiskvinnslu og samgöngum

Verkafólk í námavinnslu, byggingariðnaði og samgöngum gegnir aðallega einföldum og einhæfum störfum sem fela í sér notkun einfaldra handverkfæra og oft töluvert líkamlegt erfiði.

Störf verkafólks í byggingariðnaði og námavinnslu

Verkafólk í námavinnslu og byggingariðnaði vinnur einföld og einhæf verk í tengslum við námavinnslu og byggingar sem fela í sér notkun einfaldra handverkfæra og oft töluvert líkamlegt erfiði. Verkstjórn annarra starfsmanna getur falist í starfssviðinu.

9311 Störf verkafólks í námum og grjótnámi

Störf í þessum flokki felast m.a. í að fjarlægja og ryðjónotuð vinnusvæði í námum, grafa kalk, leir, mól eða sand úr opnum gryfjum, sinna skyldum verkefnum.

Dæmi um starfsheiti:

verkamaður í grjótnámi, verkamaður í sandnámi

Skyld störf sem flokkuð eru annars staðar,

- námamaður (7111)
- stjórnandi á gröfu (8332)
- vélgæslumaður í sandnámi (8111)

9312 Störf verkafólks við mannvirkjagerð, aðra en húsbyggingar

Störf í þessum flokki felast m.a. í að moka og fylla holur og skurði, dreifa mól, bera múrsteina eða gegna svipuðum störfum við vegagerð, stíflugerð eða mannvirkjagerð aðra en húsbyggingar, sinna skyldum verkefnum.

Dæmi um starfsheiti:

brettamaður við malbikun, flokksstjóri við vegagerð, handlangari við brúargerð, handlangari við hellulagningu, vegavinnumaður, verkamaður við flugvallargerð, verkamaður við línulagnir, verkamaður við malbikun, verkamaður við mokstur, verkamaður við stíflugerð, verkamaður við vegagerð, verkamaður við veitulagnir

Skyld störf sem flokkuð eru annars staðar:

- hellulagningamaður (7122)
- múrhleðslumaður (7121)

9313 Verkafólk við húsbyggingar

Störf í þessum flokki felast m.a. í að aðstoða við uppsetningu og niðurrif vinnupalla, aðstoða við byggingu eða niðurrif mannvirkja, bera og dreifa mól og sand, múrsteina eða gegna svipuðum störfum við húsbyggingar, sinna skyldum verkefnum.

Dæmi um starfsheiti:

handlangari við húsbyggingar, handlangari við múrbrot, ósérhæfður byggingarverkamaður, verkamaður í byggingarvinnu, verkamaður við línulagnir, verkamaður við húsasmiðar

Skyld störf sem flokkuð eru annars staðar:

- húsasmiður (7123)
- járnabindingamaður (7123)
- járnamaður við húsbyggingar (7123)
- steypueiningasmiður (7123)
- vélamaður við steypuhrærvél (8212)

